

## Skýrsla félagsmálaráðuneytisins

um 52. og 53. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1968 og 1969.

Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er skylt að leggja samþykktir og tillögur Alþjóðavinnumálaþingsins fyrir hlutaðeigandi stjórnvöld í hverju aðildarríki, með það fyrir augum að gerðar verði ráðstafanir til þess að framfylgja ákvæðum þeirra. Samþykktir þingsins eru ekki bindandi fyrir aðildarríki stofnunarinnar nema þau hafi fullgilt þær, og um tillögur þess er það að segja, að í þeim felast aðeins tilmæli um að ákveðnum reglum sé fylgt.

Skýrslu þessari fylgja þær samþykktir og tillögur, sem gerðar voru á 52. og 53. Alþjóðavinnumálaþinginu í Genf árin 1968 og 1969.

Mál þau, sem um var fjallað á þessum þingum, voru þessi:

1. Skýrsla framkvæmdastjórans.
2. Fjárhagsmálefni.
3. Skýrslur um framkvæmd samþykktu og tillagna Alþjóðavinnumálaþingsins.
4. Bætt lífsskilyrði og vinnuskilyrði leiguliða og hliðstæðra manna, sem stunda landbúnað.
5. Vinnueftirlit í landbúnaði.
6. Endurskoðun samþykktu nr. 24 og 25 um sjúkratryggingar.
7. Orlof með launum.
8. Lágmarkslaun og skyld málefni, einkum með tilliti til þróunarlanda.
9. Ráðstafanir varðandi vinnu og starfsþjálfun unglinga.
10. Almennar umræður um nefndarskýrslur um skipulag og hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO).

Ísland átti fulltrúa á hvorugu þessara þinga, svo að skýrsla þessi er byggð á þingtiðindum og skýrslum Dana og Norðmanna. Skal hér á eftir gerð stuttlega grein fyrir hverju dagskrármáli fyrir sig.

### 1. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Auk greinargerðar um starfsemi og fyrirhuguð verkefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar fjallar skýrsla framkvæmdastjórans jafnan um eitthvert sérstakt mál, sem varðar starfssvið stofnunarinnar og er ofarlega á baugi á hverjum tíma. Umræður um þenna dagskrárlið takmarkast ekki eingöngu við skýrsluna sjálfa, heldur ræða margir um gang mála í sínum heimalöndum.

Efni það, sem framkvæmdastjórinn fjallaði um í skýrslu sinni 1968, nefndist „Alþjóðavinnumálastofnunin og mannréttindi“.

Alls tóku 237 fulltrúar til máls um þenna dagskrárlið og ræddu um framlag ILO til eflingar og verndar mannréttindum, sem tiltekin voru í Philadelphiu-yfirlýsingunni 1944. Voru menn yfirleitt á einu máli um það, að ILO hefði innt af hendi mikilvæg störf með samþykktum sínum og eftirliti með framkvæmd þeirra, svo og með aðstoð við vanþróuð ríki.

Framkvæmdastjórinn, David A. Morse, lagði í svarræðu sinni áherzlu á þær hættur, sem því væru samfara, að mannréttindum væri ekki framfylgt. Hann sagði

að heimurinn væri nú of lítill, og hætturnar, sem að friðinum steðjuðu, væru nú of miklar til þess að hið stórkostlega misrétti manna væri hægt að þola. Ekki væri unnt að tryggja mannréttindi ef fólk hefði ekki efnalega möguleika á að njóta þeirra. Framkvæmdastjórinn hvatti til baráttu gegn misrétti og mismunun um heim allan. Hann sagði, að með því að neita meðlimum samfélagsins um grundvallarréttindi vegna kynþáttar, hörundslitar eða þjóðfélagslegs uppruna, að svipta þá möguleikanum til viðunandi lífskjara, og að meina þeim aðgang að menntun og starfi, væri hið sama og að afneita sjálfri hugsjóninni um virðuleika mannsins.

Í skýrslu framkvæmdastjórans 1969 ræðir um það, hvað gera skuli næsta áratuginn til þess að sjá auknum fólksfjölda fyrir atvinnu. Þar kemur það fram, að búast megi við stórkostlegri fólksfjölgun í heiminum á komandi árum. Þannig er gert ráð fyrir, að á tímabilinu 1970—1980 muni fólk fjölga um 22%, eða um 226 milljónir manna. Einnig ber að hafa það í huga, að bilið milli fátækra landa og auðugra eykst stöðugt, þrátt fyrir viðleitni til að stöðva þá þróun. Markmiðið í þessu efni á m. a. að vera það, að fátækir bændur og verkafólk, svo og það fólk, sem í fátækrahverfum býr, geti tekið þátt í framþróuninni og notið góðs af henni. Það skal gert með því að auka hæfni þessa fólks til starfa svo að það geti unnið arðbær störf, og einnig með því að fjölga möguleikum til starfa og auka viðskipti milli ríkja. Framkvæmd áætlana á þessu sviði krefst mikils undirbúnings með söfnun margs konar upplýsinga. Að þeim fengnum á að vera unnt að gera sér nokkurn veginn ljóst hve mörgum muni þurfa að sjá fyrir arðbærri atvinnu, og þá er fyrst hægt að gera áætlanir um framkvæmdir.

Alls tóku 250 manns til máls um þenna dagskrárlið.

Í svarræðu sinni sagði framkvæmdastjórinn, David A. Morse, m. a., að samkvæmt því, sem fram hefði komið í umræðunum, liti hann svo á, að þingið veitti honum umboð til þess að tryggja það, að áætlanir um atvinnumál yrðu veikamikill þáttur í framþróun næsta áratugs. Hann kvað það staðreynd, að þrátt fyrir hinar miklu framfarir á síðasta áratug hefðu ekki orðið teljandi breytingar til batnaðar hjá meiri hluta fólks, svo sem fátæks fólks í þróunarlöndunum, og allra þeirra milljóna, sem búa í fátækrahverfum við ömurleg skilyrði. Morse sagði það vera augljóst, að félagslegar framfarir fylgdu ekki sjálfkrafa í kjölfar efnahagslegra framfara. Hann sagði, að ILO mundi taka virkan þátt í þeim ráðstöfunum, sem Sameinuðu þjóðirnar gerðu í sambandi við þau vandamál, sem hin öra fólksfjölgun skapar.

Framkvæmdastjórinn sagði, að vandamálið varðandi vinnu fyrir alla væri óháð því hvort menn aðhylltust þetta efnahagskerfi eða hitt, og það væri ekki hlutverk ILO að skera úr um það, hvaða kerfi væri hið rétta. Það væri verkamaðurinn sjálfur, sem stofnunin bæri fyrir brjósti, við hvaða kerfi sem hann býr hefur hann ákveðnar þarfir og ákveðin réttindi. Ein af fyrstu og fremstu þörfum hans er að fá vinnu, og ein af frumréttindum hans er að fá launaða vinnu. Það á að vera meginmarkmiðið með gerð áætlana um atvinnumál að gera þessi réttindi að veruleika, hvar í heimi sem er, og sérhvert ríki ætti að keppa að þessu marki. Framkvæmdastjórinn hét á alla til stuðnings þessu máli og lauk ræðu sinni með þessum orðum: „Vér skulum skapa skilyrði til þess að komandi kynslóðir geti horft um öxl til þessa merka hálftrar aldar afmælisþings, sem þess þings, er hafi markað tímamót með því að sameina þjóðir heims í allsherjarbaráttu gegn fátækt.“

## 2. Fjárhagsmálefni.

Framkvæmdastjóri ILO leggur fyrir hvert regluglegt ársþing stofunarinnar tilögur sínar um fjárhagsáætlun næsta árs. Sérstök þingnefnd fjallar um þetta mál og er hún skipuð einum fulltrúa frá hverri ríkisstjórn, en fulltrúar atvinnurekenda og verkamanna eiga þar ekki sæti eins og í öðrum þingnefndum.

Heildarútgjöld stofnunarinnar voru áætluð 24 836 091 dollarar árið 1968, en 26 612 739 dollarar árið 1969. Árgjald Íslands fyrir árið 1968 var 27 320 dollarar, en 26 613 dollarar árið 1969.

Frá upphafi var hluti Íslands af samanlögðum tillögum til ILO 0.12%, en árið 1968 lækkaði hann í 0.11%. Síðan lækkar þessi hundraðshluti Íslands árlega um 0.01% þannig að árið 1973 er gert ráð fyrir að hann verði 0.06%.

### 3. Skýrslur um framkvæmd samþykktá og tillagna

#### Alþjóðavinnuálagingsins.

Á hverju þingi fjallar sérstök nefnd um skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd á ákvæðum samþykktá, sem þau hafa fullgilt, svo og um þær tillögur þingsins, sem þau hafa lýst sig fylgjandi.

Auk þessara skýrslna um fullgiltar samþykktir, er á hverju ári safnað upplýsingum frá öllum aðildarríkjum um, tiltekin mál, sem ILO hefur gert samþykktir um. Þannig var á þinginu 1968 fjallað um skýrslur um nauðungarvinnu, og var það gert sérstaklega vegna þess, að það ár var sérstaklega helgað mannréttindum. Við athugun þessa máls nú, kom í ljós, að ástandið hafði verulega batnað frá því er könnun var gerð árið 1962. Hins vegar er langt frá því ennþá, að nauðungarvinnu sé útrýmt í heiminum og skoraði þingið á öll aðildarríkin að sjá til þess, að ákvæðum samþykktá þingsins nr. 29 og 105, sem um þetta efni fjalla, verði framfylgt, svo í orði sem á borði. Þess skal getið, að 105 ríki hafa fullgilt samþykkt nr. 29 og 89 ríki hafa fullgilt samþykkt nr. 105. Ísland hefur fullgilt báðar þessar samþykktir.

Á þinginu 1969 voru sérstaklega teknar til athugunar samþykktir varðandi almenn mannréttindi, 17 talsins. Þeirra helztar eru samþykkt nr. 87 um félaga-frelsi, Samþykkt nr. 98, um réttinn til að bindast samtökum og semja sameiginlega, svo og samþykktirnar um nauðungarvinnu og launajafnrétti. Allar þessar samþykktir hefur Ísland fullgilt. Í skýrslum aðildarríkjanna um þessar samþykktir koma fram ástæður þær, sem komið hafa í veg fyrir fullgildinguna einstakra ríkja á þeim, og þar kom einnig fram hvað áunnizt hefur í þessu efni. Þingið taldi að þessi athugun mundi mjög ýta undir fullgildingar umræddra samþykktá.

Á 52 þingum ILO hafa verið gerðar samtals 128 samþykktir, og árið 1969 voru fullgildingar á þeim, sem næst 3500 samtals. Ekki er krafizt skýrslna um fullgiltar samþykktir á hverju ári, heldur sem næst annað hvort ár. Nokkur misbrestur vill verða á þessum skýrslugjöfum, og koma oflast ekki nema tæplega 90% til skila.

Þegar tvö eða fleiri aðildarríki hafa fullgilt samþykkt, sem Alþjóðavinnuálagingsið hefur gert, er hún orðin bindandi, sem sáttmáli þeirra í milli og gagnvart stofnuninni. Engin viðurlög eru sett við vanrækslu á að fullnægja ákvæðum slíks sáttmála. Einasta aðhaldið er sómatilfinning hvers aðila. Vanræki aðildarríki skyldur sínar, fær það áminningu og tilmæli um að úr sé bætt. Sé ekki orðið við þessum tilmælum, kemst hlutaðeigandi ríki á svonefndan svartan lista, en slíku vilja flest ríki komast hjá. Störf þeirrar nefndar, sem rannsakar skýrslur um framkvæmd fullgilttra samþykktá, eru því mjög mikilvæg. Þess skal getið, að það er ekki einungis hlutaðeigandi þingnefnd, sem athugar þessi mál, heldur hefur sérstök nefnd sérfræðinga búið það í hendur henni.

### 4. Bætt lífsskilyrði og vinnuskilyrði leiguliða o. fl.

Þetta mál var til fyrri umræðu á þinginu 1967, og í samræmi við niðurstöður þeirra umræðna, var samið uppkast að tillögu, sem svo var lagt fyrir þingið 1968. Var þetta uppkast samþykkt litið breytt og málið afgreitt í formi tillögu.

Tillaga þessi miðar að því að bæta kjör leiguliða og hliðstæðra hópa manna, sem við landbúnað starfa, svo og að tryggja aðstöðu þeirra gagnvart landeigendum.

Í tillögu þessari er fjallað um eftirgjald, form og efni leigusamninga, ráðstafanir til að koma í veg fyrir vinnuskyldu leiguliða, útvegum lánsfjár með lágum vöxtum, tryggingar gegn uppskerubresti o. fl. Efni þessarar tillögu verður ekki nánar rakið hér, enda mun hún að litlu eða engu leyti eiga við aðstæður hér á landi. Hún er prentuð hér með sem fylgiskjal III.

### 5. Vinnueftirlit í landbúnaði.

Þetta mál var á dagskrá beggja þinganna, sem hér ræðir um.

Í ársskýrslu sinni árið 1964 vakti framkvæmdastjórinn athygli á því, að ekki væru til neinar alþjóðlegar reglur um vinnueftirlit í landbúnaði. Hins vegar var árið 1947 gerð samþykkt um vinnueftirlit í iðnaði og verzlun (samþ. nr. 81).

Stjórn ILO ákvað því í nóvember 1966 að þetta mál skyldi tekið á dagskrá þingsins 1968. Öllum aðildarríkjum voru sendar spurningar varðandi málið, og á grundvelli þeirra svara, sem bárust, var samin um það greinargerð, er lögð var fyrir þingið 1968. Einnig var um það rætt á þinginu, að nauðsyn bæri til þess að setja reglur um vinnueftirlit í landbúnaði, þar sem eftirlit í þeirri atvinnugrein væri víðast hvar miklu minna en í öðrum greinum. Hins vegar voru menn ekki á eitt sáttir um það, í hvaða formi þessar reglur skyldu settar, en niðurstaðan varð sú, að það yrði gert með alþjóðasamþykkt og tillögu henni til uppfyllingar.

Á grundvelli þessarar afgreiðslu þingsins og umsögnum ríkisstjórna, var samið uppkast að samþykkt og tillögu, sem lagt var fyrir þingið 1969 og samþykkt með smávægilegum breytingum. Með samþykktinni greiddu 312 fulltrúar atkvæði, enginn á móti, en 30 sátu hjá. Samþykkt sú, sem hér er ræðir, er sniðin að mestu eftir áður nefndri samþykkt um vinnueftirlit í iðnaði og verzlun, en með nokkrum viðaukum og breytingum. Gildissvið þessarar samþykktar er þannig skilgreint, að segja má, að sérhver starfsgrein falli annað hvort undir hana eða samþykkt nr. 81. Samþykktin tekur fyrst og fremst til kaupþega í landbúnaði, en heimilt er að láta hana einnig ná til annarra, svo sem leiguliða, samyrkjubænda, skyldmenna bóndans o. fl.

Vinnueftirlitið, samkvæmt samþykktinni, er einkum fólgið í eftirliti með því að fylgt sé ákvæðum laga, reglugerða og samninga um vinnuskilyrði og vernd verkamanna við vinnu sína, vinnutíma, vinnulaun, hvíldardaga og frídaga, öryggi, heilbrigði og velferð, vinnu kvenna, barna og unglunga, og önnur skyld efni. Þá skal vinnueftirlitið einnig láta í té upplýsingar og leiðbeiningar, sem að gagni mega koma í sambandi við framkvæmd umræddra ákvæða og reglna.

Hér á landi munu ekki vera í gildi nein ákvæði um vinnueftirlit í landbúnaði, sem samþykkt þessi fjallar um og kemur fullgilding hennar því ekki til álita að svo stöddu. Samþykktin er prentuð hér með sem fylgiskjal I, og tillagan sem fylgiskjal IV.

### 6. Endurskoðun samþykta nr. 24 og 25 um sjúkratryggingar.

Fyrri umræða um þetta mál fór fram á þinginu 1968, en síðari umræða 1969, og var þá gerð um það samþykkt nr. 130 og tillaga nr. 134.

Þessar endurskoðuðu samþykktir voru gerðar á 10. þingi ILO árið 1927. Er hin fyrri um sjúkratryggingar iðnaðarfólks, en sú síðari um sjúkratryggingar landbúnaðarfólks. Nú var á þinginu gerð ný samþykkt, sem ekki er bundin við einstakar stéttir eða atvinnugreinar. Heldur er miðað við það, að tryggður sé ákveðinn hundraðshluti allra launþega eða fólks í arðbæru starfi, eða landsmenn allir. Samþykktin fjallar annars vegar um læknishjálp eða sjúkrahjálp hvers konar, og í öðru lagi um sjúkrabætur eða dagpeninga í veikindum.

Sjúkrahjálpin skal taka til venjulegrar læknishjálpar og sjúkrahúsvistar, svo og aðstoðar, sem veitt er í sambandi við hana.

Dagpeningar skulu vera a. m. k. 60% af launum og greiðast í allt að eitt ár, en biðtími skal ekki vera lengri en 3 dagar.

Yfirleitt má segja að samþykktin setji mörkin hátt, en í ýmsum tilvikum má víkja frá þeim kröfum, sem þar eru settar.

Auk samþykktarinnar var samþykkt tillaga um sama efni, og eru mörkin þar sett hærri en í samþykktinni.

Ákvæðum samþykktarinnar um greiðslu dagpeninga er ekki fullnægt hér á landi, hvorki að því er tekur til upphæðar þeirra né biðtíma.

Samþykktin er prentuð hér með sem fylgiskjal II, og tillagan sem fylgiskjal V.

### 7. Orlof með launum.

Mál þetta var til fyrri umræðu á þinginu 1969, en í flestum tilvikum eru mál rædd á tveim þingum áður en þau eru endanlega afgreidd.

Á þinginu árið 1936 var gerð samþykkt um orlof. Í þeirri samþykkt var kveðið svo á, að orlof skuli eigi vera skemmra en sex virkir dagar almennt, en 12 dagar minnst fyrir fólk innan 18 ára aldurs. Samþykkt þessi er orðin úrelt og því talin nauðsyn á að endurskoða hana með tilliti til þeirrar þróunar, sem gerzt hefur síðan hún var gerð.

Fyrir þinginu 1969 lá greinargerð um þetta mál og uppkast að reglum um orlof með launum. Þetta uppkast tók nokkrum breytingum í meðförum þingsins og var samþykkt að taka það til afgreiðslu á næsta þingi. Ekki verða þessar reglur raktar hér, en þess aðeins getið, að í þeim er gert ráð fyrir að lágmarksorlof verði 3 vikur.

### 8. Lágmarkslaun o. fl.

Dagskrárliður þessi nefndist fullu nafni: Ákvörðun lágmarkslauna og skyld málefni, með sérstöku tilliti til þróunarlanda, og var þetta fyrri umræða um málið, sem fram fór á þinginu 1969.

Á þinginu 1928 var sett samþykkt um þetta efni. Sú samþykkt er að sjálfsgöðu úrelt orðin og var því ákveðið að endurskoða hana. Greinargerð um málið og uppkast að texta lá fyrir þinginu 1969, og samþykkt var þá að taka málið til endanlegrar afgreiðslu á þinginu 1970. Í texta þeim, sem gerður var, er gert ráð fyrir því, að gerð verði um málið samþykkt, sem krefjist setningar reglna um lágmarkslaun, og að hún taki til fleiri stétta en hin eldri samþykkt gerði.

### 9. Ráðstafanir varðandi vinnu og starfsþjálfun unglunga.

Á árunum 1962—1966 lét ILO fram fara í 40 þróunarlöndum mikla söfnun upplýsinga um möguleika til aðgerða í tvennum tilgangi. Annars vegar til þess að mennta unglunga og útvega þeim vinnu, og hins vegar að gera þessa starfsemi að þætti í efnahagslegri þróun viðkomandi lands. Í þróunarlöndunum er helmingur fólksins innan 20 ára aldurs, og unga fólkið verður stöðugt stærri og stærri hluti íbúanna, en möguleikarnir til menntunar og starfa aukast ekki að sama skapi. Afleiðing þessarar þróunar verður svo atvinnuleysi unglunganna og menntunarskortur.

Rætt var um að setja ákvæði í tillöguformi um þetta mál og taka það fyrir á næsta þingi.

### 10. Almennar umræður um nefndarskýrslur um skipulag og hlutverk ILO.

Á grundvelli greinargerðar framkvæmdastjórans, sem hann lagði fyrir þingið 1963, og ályktunar, sem þingið gerði 1964, hefur stjórnin fjallað um ýmis mál, sem

varða starfsemi og uppbyggingu ILO. Sérstök nefnd innan stjórnarinnar hefur fjallað um þessi mál og gefið um þær skýrslur. Þessar skýrslur voru lagðar fyrir þingið ásamt greinargerð um umræður um málið í stjórninni. Var þetta í fyrsta skipti síðan 1944 að þingið hefur rætt á breiðum grundvelli um starfsemi og uppbyggingu Alþjóðavinnuárástofnunarinnar. Þingnefndin, sem fékk þetta mál til meðferðar, lagði til, að þingið féllist á það, að verkefni ILO skiptust í þrjú aðalflokka, þ. e. málefni, sem varða hæfni manna og hæfileika, lífs- og starfskjör og eflingu félagsmálastofnana. Nefndin lagði á það áherslu að þessir þrjú flokkar væru ná tengdir hver öðrum, en nú bæri nauðsyn til þess að vinna fyrst og fremst að því að auka hæfni manna. Þetta væri nauðsynlegt til þess að auka tekjumöguleika og bæta lífskjörin. Nefndin lýsti sig samþykka stefnu framkvæmdastjórans í málum varðandi atvinnu fyrir alla.

Um skipulag ILO er það að segja, að í því efni er hún að ýmsu leyti ólík öðrum alþjóðastofnunum, og skal hér getið þriggja veigamestu atriðanna í þessu efni.

Fyrst er þess að geta, að á þingum stofnunarinnar, í stjórn hennar og nefndum öllum, eiga fulltrúar atvinnurekenda og launþega sæti ásamt fulltrúum ríkisstjórna. Fulltrúar beggja nefndra stétta hafa jafnt atkvæðamagn, og samanlagt til jafns við ríkisstjórnafulltrúana.

Stjórn ILO hefur miklu meiri völd en tíðkast hjá öðrum sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna. Hún gerir fjárhagsáætlanir stofnunarinnar, sem aldrei er breytt í meðförum þingsins. Stjórnin velur framkvæmdastjórann og ákveður dagskrá þingsins. Ekki er kveðið á um það í stofnskránni hvort það er þingið eða stjórnin, sem er hærra sett.

Í stjórn ILO eiga 10 mestu iðnaðarríkin fóst sæti. Þessi ríki tilnefna stjórnin eftir reglum, sem hún sjálf setur. Þessi 10 ríki voru árið 1969: Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Indland, Ítalía, Japan, Kanada, Kína, Sovétríkin og Vestur-Þýzkaland.

Miklar umræður urðu um þetta síðast nefnda atriði á þinginu, þ. e. um þessi fóstu sæti í stjórninni. Einnig komu fram ýmsar raddir um það, að færa skyldi eitthvað af málum þeim, sem stjórnin fer nú með, yfir á þingið.

Ekki varð samkomulag um neinar breytingar, en ákveðið var að taka málið aftur fyrir á næsta þingi og leggja þá sérstaka áherslu á eftirtalin atriði:

1. Skipan stjórnarinnar, þ. á m. hlutfallið milli fastra fulltrúa og kosinna, svo og skiptingu milli atvinnurekenda og stjórnenda samyrkjureksturs.
2. Hvort ákveða skuli að þingið samþykki ráðningu framkvæmdastjóra.
3. Skipan sérfræðinganeftnda og ráðgefandi stofnana, sem stjórnin kemur á fót. Samþykkt var að fela stjórninni að undirbúa þetta mál fyrir næsta þing.

## Fylgiskjal I.

### **Samþykkt 129 um vinnueftirlit í landbúnaði.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuárástofnunarinnar saman komið til 53. þingsetu sinnar í Genf hinn 4. júní 1969, eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuárástofnunarinnar;

minnst ákvæðanna í alþjóðlegum vinnuárástafsamþykktum um vinnueftirlit, svo svo sem samþykktar frá 1947 um vinnueftirlit, sem tekur til iðnaðar og verzlunar, og Plantekrusamþykktarinnar frá 1958, sem tekur til takmarkaðra þátta landbúnaðar;

telur almennar alþjóðlegar reglur um vinnueftirlit í landbúnaði æskilegar;

hefur ákveðið að samþykkja ákveðnar ábendingar um vinnueftirlit í landbúnaði, sem er fjórða mál á dagskrá þingsins;

hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar;

því gerir þingið í dag, hinn 25. júní 1969, eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt frá 1969 um vinnueftirlit í landbúnaði.

## 1. gr.

1. Í samþykkt þessari merkir orðið „búrekstur“ atvinnurekstur, sem að öllu eða nokkru leyti er fólgin í jarðrækt, kvikfjárrækt, skógrækt, garðyrkju, frumvinnslu landbúnaðarafurða, sem búsljóri annast, og hvers konar annarri búnaðarstarfsemi.
2. Þar sem þess gerist þörf, skal hlutaðeigandi stjórnvald, að höfðu samráði við aðalsamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og kaupþega, þar sem þau eru til, skilgreina mörkin milli landbúnaðar annars vegar og iðnaðar og verzlunar hins vegar, þannig, að enginn búrekstur sé undanskilinn vinnueftirlitskerfi landbúnaðarins í landinu.
3. Þegar vafi leikur á því, hvort samþykkt þessi tekur til einhverrar starfsemi eða þáttar hennar, skal úr því skorið af hlutaðeigandi stjórnvaldi.

## 2. gr.

Í samþykkt þessari tekur orðið „lagaákvæði“ auk laga og reglugerða, til úrskurða gerðardóms og heildarsamninga, sem veitt er lagagildi og eftirlitsmönnum ber að framfylgja.

## 3. gr.

Hvert það aðildarríki, sem bundið er af samþykkt þessari skal halda uppi vinnueftirliti í landbúnaði.

## 4. gr.

Vinnueftirlitið í landbúnaði skal taka til búreksturs þar sem vinna kaupþegar eða lærlingar, hvernig sem kaupgreiðslu þeirra er háttað og hvernig svo sem samningar þeirra eru, að því er tekur til forms eða gildistíma.

## 5. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, getur með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingu þess, undirgengið það, að vinnueftirlit í landbúnaði taki einnig til eins eða fleiri eftirtalinna flokka manna, sem vinna í landbúnaði:
  - (a) leiguliða, sem ekki hafa í þjónustu sinni aðkeypt vinnuafli, og annarra hliðstæðra flokka starfsfólks í landbúnaði;
  - (b) manna, sem eru aðilar að félagsbúskap, svo sem meðlimir samvinnufélags;
  - (c) vandamanna þess, er búið rekur, eftir því sem ákvæðið er í lögum eða reglugerðum.
2. Hvert það aðildarríki, sem hefur fullgilt þessa samþykkt, getur síðar tilkynnt framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, að það láti ákvæði hennar taka til eins eða fleiri þeirra flokka manna, sem getið er í tölulíðnum hér á undan og samþykktin ekki tekur þegar til samkvæmt fyrri yfirlýsingu.
3. Hvert það aðildarríki, sem hefur fullgilt þessa samþykkt, skal í skýrslum sínum samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuáskrifstofunnar greina frá því, að hve miklu leyti ákvæðum samþykktarinnar er beitt, eða áformað er að beita þeim, að því er tekur til þeirra flokka manna, sem getið er í 1. tölulíð þessarar greinar og samþykktin tekur ekki til samkvæmt yfirlýsingu.

## 6. gr.

1. Hlutverk vinnueftirlits í landbúnaði skal vera:
  - (a) að tryggja framkvæmd lagaákvæða um vinnuskilyrði og vernd verkamanna við vinnu sína, svo sem ákvæða um vinnustundir, vinnulaun, vikulega hvildardaga og frídaga, öryggi, heilbrigði og velferð, vinnu kvenna, barna og unglunga, og önnur skyld efni, að svo miklu leyti sem vinnueftirlitsmenn geta framfylgt slíkum ákvæðum;
  - (b) að láta atvinnurekendum og verkamönnum í té tæknilegar upplýsingar og leiðbeiningar um áhrifaríkustu aðferðirnar til að framfylgja lagaákvæðunum;

- (c) að láta hlutaðeigandi stjórnvald vita um ágalla eða misbeitingar, sem ekki er sérstaklega fjallað um í gildandi lagaákvæðum, og gera tillögur um endurbætur á lögum og reglugerðum.
2. Með lögum eða reglugerðum má fela vinnueftirlitsmönnum í landbúnaði leiðbeiningarstörf og framkvæmdir í sambandi við lagaákvæði um lífskjör verkamanna og fjölskyldna þeirra.
  3. Þau önnur verkefni, sem vinnueftirlitsmönnum í landbúnaði kunna að vera falin, skulu ekki vera þannig, að þau dragi úr framkvæmdum á aðalhlutverki þeirra, eða á nokkurn hátt skerði myndugleika eða hlutleysi það, sem eftirlitsmönnum er nauðsynlegt í samskiptum sínum við atvinnurekendur og verkamenn.

## 7. gr.

1. Að svo miklu leyti sem það samrýmist stjórnsýslu í aðildarríkinu, ætti að setja vinnueftirlit í landbúnaði undir eftirlit og yfirstjórn einnar miðstjórnar.
2. Þegar um sambandsríki er að ræða, getur „miðstjórn“ þýtt miðstjórn fyrir allt sambandsríkið, eða einstök ríki innan þess.
3. Vinnueftirlit í landbúnaði má t. d. framkvæma þannig:
  - (a) að ein stofnun annist eftirlitið í öllum greinum atvinnulífsins;
  - (b) að ein stofnun annist eftirlitið, en hún sjái um sérhæfingu með viðeigandi þjálfun þeirra eftirlitsmanna, sem eiga að annast eftirlit í landbúnaði;
  - (c) að ein stofnun annist eftirlitið, en sérhæfing fari fram innan hennar með því að koma á fót tæknilega hæfri þjónustu, og starfslið hennar annist störf sín í landbúnaði; eða
  - (d) að sérstakt eftirlit sé fyrir landbúnaðinn og það sé undir eftirliti miðstjórnar, sem einnig hafi sama rétt að því er tekur til eftirlits í öðrum greinum, svo sem iðnaði, flutningum og verzlun.

## 8. gr.

1. Starfslið vinnueftirlits í landbúnaði skal skipað opinberum starfsmönnum, og skal staða þeirra og aðstaða í starfi vera þannig, að þeim sé tryggð föst staða og að þeir séu óháðir stjórnarskiptum og óhentugum ytri áhrifum.
2. Að svo miklu leyti, sem það getur samrýmist lögum, reglugerðum eða landsvenju, geta aðildarríki tekið inn í eftirlitið í landbúnaði fulltrúa frá fagfélögum, og mundu þá störf þeirra vera til uppfyllingar störfum, hinna opinberu starfsmanna. Skal þessum mönnum tryggð atvinnuöryggi, og þeir skulu vera óháðir óhentugum ytri áhrifum.

## 9. gr.

1. Að teknu tilliti til sérhverra skilyrða, sem sett kunna að vera í lögum eða reglugerðum um ráðningu í opinbert starf, skulu vinnueftirlitsmenn í landbúnaði skipaðir eingöngu með tilliti til starfshæfni þeirra.
2. Hlutaðeigandi stjórnvald ákveður á hvern hátt slík hæfni skuli reynd.
3. Vinnueftirlitsmenn í landbúnaði skulu nægilega þjálfaðir til starfs síns, og gefa skal þeim kost á frekari þjálfun síðar í starfi.

## 10. gr.

Ráða má karla jafnt sem konur til eftirlitsstarfa í landbúnaði. Ef nauðsyn ber til, má fela konu eða karli sérstök skyldustörf.

## 11. gr.

Sérhvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að í tengslum við vinnueftirlitið í landbúnaði séu vel hæfir tæknilegir sérfræðingar, sem getu aðstoðað við lausn vandamála, sem krefjast tæknilegrar þekkingar. Skal þessu hagað cins og bezt hæfir aðstæðum í hverju landi.



## 12. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvald skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að efla raunhæfa samvinnu milli vinnueftirlits í landbúnaði og opinberra stjórnvalda, svo og viðurkenndra stofnana, sem vinna að hliðstæðum verkefnum.
2. Þegar nauðsyn krefur, getur hlutaðeigandi stjórnvald annað hvort falið tiltekin eftirlitsstörf í einstökum landshlutum eða héruðum þar til hæfum opinberum stjórnvöldum eða aðilum, eða fá þessa aðila til að aðstoða við lausn vandamála, sem um er að ræða, þó þannig, að þetta dragi ekki úr framkvæmd ákvæða samþykktarinnar.

## 13. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvald skal stuðla að aukinni samvinnu vinnueftirlitsmanna í landbúnaði og atvinnurekenda og verkamanna, eða samtaka þeirra, þar sem þau eru til.

## 14. gr.

Tryggja skal að eftirlitsmenn í landbúnaði séu nægilega margir til þess að framkvæma eftirlitið á raunhæfan hátt, og skal fjöldi þeirra ákveðinn með nægilegu tilliti til:

- (a) mikilvægis skyldustarfa þeirra, sem eftirlitsmenn verða að annast, og sér í lagi:
  - (i) fjölda, gerðar, stærðar og staðsetningar búnaðarfyrirtækja, sem athuguð skulu;
  - (ii) fjölda og flokkunar þeirra, sem þar vinna; og
  - (iii) hversu víðtæk og hvernig samsett þau lagaákvæði eru, sem framkvæma á;
- (b) þeirra tæknilegu hjálpartækja, sem eftirlitsmenn hafa til umráða;
- (c) hvenær eftirlit getur af hagkvæmisástæðum farið fram svo að raunhæft sé.

## 15. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvald skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að láta eftirlitsmönnum í landbúnaði í té:
  - (a) svæðisskrifstofur þannig staðsettar, að tillit sé tekið til landfræðilegrar staðsetningar landbúnaðarfyrirtækjanna og samgangna, og sé búnaður þeirra í samræmi við þarfir starfseminnar og aðgengilegar hlutaðeigandi mönnum, eftir því sem mögulegt er;
  - (b) ferðamöguleikum, sem þeim eru nauðsynlegir til framkvæmdar skyldustarfa þar sem almenn samgöngutæki eru ekki fyrir hendi.
2. Hlutaðeigandi stjórnvald skal sjá um að endurgreiða eftirlitsmönnum í landbúnaði allan ferðakostnað og aukaútgjöld, sem hafa reynzt óhjákvæmileg við framkvæmd skyldustarfa þeirra.

## 16. gr.

1. Vinnueftirlitsmönnum í landbúnaði, sem hafa í höndum viðeigandi skilríki, skal heimilt:
  - (a) án þess að boða komu sína, að hafa frjálsan aðgang að eftirlitsskyldum vinnustað hvenær sem er að degi til eða nóttu;
  - (b) að koma að degi til í húsnæði, sem þeir höfðu ástæðu til að ætla að væri eftirlitsskylt;
  - (c) að framkvæma hverjar þær rannsóknir eða skoðanir og hera fram þær fyrirspurnir, sem þeir kunna að telja nauðsynlegt til þess að fullvissa sig um, að lagaákvæðin séu fyllilega virt, og sér í lagi:
    - (i) að yfirheyra í einrúmi, eða í votta viðurvist, atvinnurekandann, starfsfólk fyrirtækisins eða sérhvern annan mann í fyrirtækinu, um mál-efni, er varða framkvæmd lagaákvæðanna;
    - (ii) að krefjast á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum eða reglugerðum, framvísunar bóka, skýrslna og annarra skjala, sem skylt er að halda

samkvæmt lögum eða reglugerðum varðandi lífsskilyrði og vinnuskilyrði, svo að þeir geti séð hvort slík skjöl séu í samræmi við lagaákvæði, einnig er þeim leyfilegt að afrita slík skjöl eða taka útdrætti úr þeim;

(iii) að taka til rannsóknar sýni af framleiðsluvörum og af efnum, sem notuð eru eða meðhöndluð, enda sé atvinnurekanda eða fulltrúa hans tilkynnt um hvað tekið er í þessu skyni.

2. Vinnueftirlitsmenn mega ekki fara inn á heimili atvinnurekandans samkvæmt ákvæðum í staflíðum (a) eða (b) í 1. tölulið þessarar greinar, nema með samþykki hans eða sérstakri heimild hlutaðeigandi stjórnvalds.
3. Þegar eftirlitsmenn koma í eftirlitsferð, skulu þeir tilkynna atvinnurekandanum eða fulltrúa hans, svo og verkamönnum eða fulltrúum þeirra, komu sína, nema þeir telji að það geti verið skaðlegt fyrir árangur af framkvæmd skyldustarfa þeirra.

#### 17. gr.

Í þeim tilvikum, og á þann veg, sem hlutaðeigandi stjórnvald ákveður, skal vinnueftirlitið í landbúnaði starfa með varnareftirliti með nýjum fyrirtækjum, nýjum efnum og nýjum vinnsluaðferðum, sem eru líkleg til að vera hættuleg heilbrigði eða öryggi.

#### 18. gr.

1. Vinnueftirlitsmenn í landbúnaði skulu hafa vald til þess að gera ráðstafanir til að bætt sé úr göllum, sem í ljós hafa komið, á gerð, fyrirkomulagi eða vinnuaðferðum í landbúnaðarfyrirtækjum, þ. á m. notkun hættulegra efna, sem þeir kunna að hafa fulla ástæðu til að ætla að hættuleg séu heilbrigði eða öryggi.
2. Til þess að gera eftirlitsmönnum, fært að gera slíkar ráðstafanir, skal þeim gefið vald til þess — með fyrirvara um rétt samkvæmt lögum til áfrýjunar til dómstóls eða stjórnvalds — að mæla fyrir um eða láta gefa út fyrirmæli um:
  - (a) að innan tiltekins frests séu gerðar þær breytingar á byggingum, fyrirkomulagi, tækjum, verkfærum og vélum, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að fullnægt sé lagaákvæðum varðandi heilbrigði og öryggi;
  - (b) ráðstafanir, er komi þegar til framkvæmda og geti gengið svo langt, að þær hafi í för með sér vinnustöðvun þegar um er að ræða bráða hættu fyrir heilbrigði og öryggi.
3. Þar sem aðgerðir þær, sem um ræðir í 2. tölulið samrýmast ekki réttarvenju eða framkvæmdavenju í hlutaðeigandi aðildarríki, skulu eftirlitsmenn hafa rétt til þess að leita til hlutaðeigandi stjórnvalds, um útgáfu fyrirmæla um aðgerðir, er komi til framkvæmda þegar í stað.
4. Þegar í stað skal kynna atvinnurekandanum og fulltrúum verkamannanna þá galla, sem eftirlitsmaður nú hefur uppgötvað við heimsókn sína í fyrirtækið, og þau fyrirmæli, sem hann hefur gefið í samræmi við 2. tölulið, eða hann ætlar að láta gefa í samræmi við 3. tölulið.

#### 19. gr.

1. Í þeim tilvikum og á þann veg, sem tiltekið er í lögum eða reglugerðum, skal tilkynna vinnueftirlitinu vinnuslys og atvinnusjúkdómstilfelli í landbúnaðarstörfum.
2. Eftir því sem við verður komið skulu eftirlitsmennirnir taka þátt í vettvangsrannsóknum á orsökum alvarlegustu tilfella vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, sérstaklega ef þau snerta marga verkamenn eða leiða til dauða.

#### 20. gr.

Með þeim undantekningum, sem gerðar kunna að vera með lögum eða reglugerðum, skulu eftirfarandi reglur gilda fyrir vinnueftirlitsmenn í landbúnaði:

- (a) Þeir mega ekki hafa neinna beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta í þeim fyrirtækjum, sem þeir hafa eftirlit með.
- (b) Að viðlagðri hæfilegri refsingu eða viðurlögum, skal þeim óheimilt að ljóstra upp neinum framleiðslu- eða viðskiptaleyndarmálum eða framleiðsluaðferðum, sem þeir kunna að verða visir um í starfi sínu, og það jafnt eftir að þeir hafa látið af starfi.
- (c) Þeir skulu halda algjörlega leyndum heimildum sínum um galla, hættur í framleiðsluaðferðum eða brot á lagaákvæðum, og þeir mega ekki gefa atvinnurekandanum eða fulltrúa hans í skyn, að skoðun hafi verið gerð vegna framkominnar kvörtunar.

## 21. gr.

Eftirlit með landbúnaðarfyrirtækjum skal framkvæmt svo oft og nákvæmlega, sem nauðsynlegt er til þess að tryggja raunhæfa framkvæmd viðeigandi lagaákvæða.

## 22. gr.

1. Menn, sem brjóta lagaákvæði, er vinnueftirlitsmönnum í landbúnaði ber að framfylgja, eða vanrækja að fara eftir þeim, skulu sæta aðgerðum af hálfu dómstóla eða framkvæmdavalds án viðvörunar. Þó má með lögum eða reglugerðum gera undantekningar í þeim tilvikum þegar gefa skal aðvörun um að gera endurbætur eða varúðarráðstafanir.
2. Það skal vinnueftirlitsmönnum í sjálfsvald sett, hvort þeir veita aðvörun og leiðbeiningar í stað þess að kæra eða leggja til að kært sé.

## 23. gr.

Ef vinnueftirlitsmenn í landbúnaði hafa ekki umboð til þess að kæra, skal þeim heimilt að senda skýrslur um brot á lagaákvæðunum beint til stjórnvalds, sem getur komið fram með slíka kæru.

## 24. gr.

Með lögum eða reglugerðum skal setja viðeigandi viðurlög við brotum á lagaákvæðum, sem vinnueftirlitsmenn í landbúnaði eiga að framkvæma, og einnig við því að hindra þá í störfum, og þessum viðurlögum skal beitt á raunhæfan hátt.

## 25. gr.

1. Vinnueftirlitsmenn eða svæðisskrifstofur, eftir því hvort við á, skulu senda miðstjórn eftirlitsins reglulega skýrslur um árangur af störfum sínum í landbúnaði.
2. Þessar skýrslur skulu þannig gerðar, og fjalla um þau atriði, sem miðstjórn eftirlitsins tiltekur á hverjum tíma. Þær skal senda a. m. k. eins oft og miðstjórn ákveður, og aldrei sjaldnar en árlega.

## 26. gr.

1. Miðstjórn eftirlitsins skal gefa ársskýrslu um starfsemi eftirlitsins í landbúnaði, annað hvort sem sérstaka skýrslu eða hluta af almennri ársskýrslu þess.
2. Slíkar ársskýrslur skulu gefnar út innan hæfilegs tíma frá lokum þess árs, sem þær taka til, og ávallt innan tólf mánaða.
3. Eintök af ársskýrslunum skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar innan þriggja mánaða frá útgáfu þeirra.

## 27. gr.

Ársskýrslan, sem miðstjórn eftirlitsins gefur út, skal fjalla um eftirtalin atriði, að svo miklu leyti sem þau eru undir eftirliti hennar:

- (a) lög og reglugerðir, sem snerta vinnueftirlit í landbúnaði;
- (b) starfslið vinnueftirlits í landbúnaði;

- (c) yfirlit yfir landbúnaðarfyrtæki, sem háð eru eftirliti, og fjölda starfsfólks í þeim;
- (d) yfirlit yfir eftirlitsferðir;
- (e) yfirlit yfir brot og refsingar;
- (f) yfirlit yfir vinnuslys og orsakir þeirra;
- (g) yfirlit yfir atvinnusjúkdóma og orsakir þeirra.

#### 28. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar til skrásetningar.

#### 29. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar, sem hafa látið framkvæmdastjóran skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

#### 30. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

#### 31. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum, Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

#### 32. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

#### 33. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir Allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

#### 34. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:

- (a) fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 30. greinar hér að framan liður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;
  - (b) aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru liður, halda gildi sinu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

**35. gr.**

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

**Fylgiskjal II.**

**Samþykkt 130 um læknishjálp og sjúkrabætur.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar saman komið til 53. þingsetu sinnar í Genf hinn 4. júní 1969, eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálagstofnunar, hefur ákveðið að samþykkja tilteknar ábendingar um breytingar á samþykkt frá 1927 um sjúkratryggingar iðnaðarfólks og Samþykkt frá 1927 um sjúkratryggingar landbúnaðarfólks, sem er fimmta mál á dagskrá þingsins, og þar sem það hefur ákveðið, að þessar ábendingar skuli gerðar í formi samþykktar, gerir þingið í dag, 25. júní 1969, eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt um læknishjálp og sjúkrabætur, 1969:

**I. KAFLI**

**ALMENN ÁKVÆÐI**

**1. gr.**

Í samþykkt þessari:

- (a) tekur orðið „löggjöf“ til reglna um almannatryggingar, auk laga og reglugerða;
- (b) merkir orðið „tiltekið“, það sem ákveðið er í lögum eða með heimild í lögum;
- (c) tekur orðið „atvinnufyrirtæki“ til fyrirtækja í eftirtöldum starfsgreinum: námarækstur og grjótnám, verksmiðjurekstur, byggingastarfsemi, þjónustustarfsemi, sem sér fyrir rafmagni, gasi og vatni, svo og flutningur og geymsla á vörum og samgöngur;
- (d) merkir orðið „heimili“ venjulegan dvalarstað í landi aðildarríkis, og orðið „íbúi“ þann mann, sem að staðaldri dvelur í landi aðildarríkis;
- (e) merkja orðin „á framfæri“ það ástand, að maður er öðrum háður um framfærslu, og ætla má að það ástand sé fyrir hendi í ákveðnum tilvikum;
- (f) merkir orðið „eiginkona“ þá eiginkonu, sem framfærð er af manni sínum;
- (g) merkir orðið „barn“:
  - (i) barn, sem er innan þess aldurs er skólaskyldu lýkur, eða innan 15 ára aldurs, hvort markið sem hærra er, þó þannig, að aðildarríki, sem gefið hefur yfirlýsingu samkvæmt 2. gr., getur, meðan sú yfirlýsing er í gildi, beitt þeirri skýringu, að samþykktin taki til barns, sem ekki hefur náð þeim aldri, er skólaskyldu lýkur eða 15 ára aldri, og
  - (ii) eftir nánari reglum barn innan tiltekins aldurs, sem er hærri en tiltekið er í lið (i), í þessum staflið, og er iðnnemi eða við annað nám, eða er haldið langvinnum sjúkdómi eða veikleika, sem gerir það ófært um að stunda arðbæra atvinnu. Kröfunni í þessum lið telst einnig fullnægt, ef lög skilgreina orðið barn þannig, að það taki til sérhvers barns innan aldursmarks, sem er verulega hærra en það, sem tiltekið er í lið (i) í þessum staflið;

- (h) merkja orðin „venjulegur bótaþegi“ mann með konu og tvö börn;
- (i) merkir orðið „réttindavinnslutími“ iðgjaldagreiðslutíma, starfstíma, aðseturs-tíma eða þetta allt sameiginlega, eftir því, sem tiltekið kann að vera;
- (j) merkir orðið „sjúkdómur“ sjúklegt ástand, hver sem orsök þess er;
- (k) tekur orðið „læknishjálp“ einnig til greiðslna, sem henni eru tengdar.

## 2. gr.

1. Sé svo ástatt um aðildarríki, að efnahagsmál þess og heilbrigðismál eru ekki á nægilega háu stigi, skal því heimilt að færa sér í nyt með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingarskjalinu, þær undantekningar um stundarsakir, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. g (i); 11. gr.; 14. gr.; 20. gr.; og 26. gr. 2. Í sérhverri slíkri yfirlýsingu skal greina ástæður fyrir slíkum undantekningum.
2. Hvert það aðildarríki, sem gefið hefur yfirlýsingu samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar, skal taka upp í skýrslur sínar um framkvæmd þessarar samþykktar, sem gefnar eru samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, yfirlýsingu varðandi hverja þá undantekningu, er það færir sér í nyt, um
  - (a) að ástæðan til þess, að svo er gert, sé enn fyrir hendi, eða
  - (b) að það afsali sér réttinum til þess að færa sér í nyt umrædda undantekningu frá tilteknum degi.
3. Sérhvert aðildarríki, sem gefið hefur yfirlýsingu samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar, skal í samræmi við efni hennar og eftir því sem aðstæður leyfa,
  - (a) fjölga hinum tryggðu;
  - (b) auka þá læknishjálp, sem látin er í té;
  - (c) lengja þann tíma, sem sjúkrabætur greiðast fyrir.

## 3. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, hvers löggjöf verndar kaupþega, getur með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingarskjali þess, um stundarsakir undanskilið ákvæðum samþykktar þessarar kaupþega í greinum landbúnaðar, sem við fullgildingu eru ekki verndaðir af löggjöf, sem er í samræmi við ákvæði þessarar samþykktar.
2. Sérhvert aðildarríki, sem gefið hefur yfirlýsingu samkvæmt 1. tölulið, skal í skýrslum sínum um framkvæmd þessarar samþykktar, sem gefnar eru samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, greina frá því að hve miklu leyti ákvæðum samþykktarinnar er framfylgt, eða fyrirhugað er að framfylgja þeim, að því er tekur til kaupþega í landbúnaði, svo og hvaða framfarir kunna að hafa orðið í þá átt að samþykktin taki til slíkra kaupþega, en sé ekki um neinar breytingar að ræða skal gefa viðeigandi skýringar á því.
3. Sérhvert aðildarríki, sem hefur gefið yfirlýsingu samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar, skal fjölga þeim kaupþegum í landbúnaði, sem réttinda njóta, að svo miklu leyti og svo fljótt, sem aðstæður leyfa.

## 4. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, getur með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingarskjali þess, undanskilið ákvæðum samþykktarinnar:
  - (a) sjómenn, þar með taldir fiskimenn,
  - (b) opinbera starfsmenn,
 enda séu þessar stéttir verndaðar af reglum, sem veiti þeim bætur, sem samtals séu ekki minni en þær, sem samþykktin ákveður.
2. Þegar í gildi er yfirlýsing samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar, getur aðildarríkið:
  - (a) dregið tölu þeirra manna, sem er í þeim stéttum, sem eru undanskildar ákvæðum samþykktarinnar, frá þeim fólksfjölda, sem miða skal við þegar reikanður er út hundraðshluti samkv. 5. gr. (c), 10. gr. (b), 11. gr., 19. gr. (b) og 20. gr.

- (b) dregið tölu þeirra manna, sem eru í þeim stéttum, sem eru undanskildar ákvæðum samþykktarinnar svo og tölu eiginkvenna þeirra og barna, frá þeim fólksfjölda, sem miða skal við þegar reiknaður er út hundraðshluti samkvæmt 10. gr. (c).
3. Sérhvert aðildarríki, sem gefið hefur yfirlýsingu samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar, getur síðar tilkynnt framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar að það undirgangist skyldur samþykktarinnar að því er tekur til stéttar eða stétta, sem voru undanskildar við fullgildingu þess.

## 5. gr.

Nú verndar löggjöf aðildarríkis kaupþega, og getur það ríki þá undanskilið ákvæðum samþykktarinnar

- (a) menn, sem eru óreglulega í vinnu;
- (b) skyldmenni vinnuveitandans, sem hjá honum búa, að því er tekur til vinnu þeirra í hans þágu;
- (c) aðra flokka kaupþega, en fjöldi þeirra má ekki fara fram úr 10 af hundraði allra kaupþega annarra en þeirra, sem undanskildir eru samkvæmt stafliðum (a) og (b) í þessari grein.

## 6. gr.

Í sambandi við það að fullnægja skilyrðum þessarar samþykktar getur aðildarríki tekið með í reikninginn vernd, sem veitt er með tryggingum, enda þótt þær séu ekki skyldutryggingar samkvæmt lögum þegar fullgilding fer fram, að því er tekur til manna, sem vernda skal, ef þær

- (a) eru undireftirliti opinberra stjórnvalda, eða þeim er stjórnað af atvinnurekendum og verkamönnum sameiginlega samkvæmt tilteknum reglum;
- (b) taka til verulegs hluta þess fólks, sem ekki hefur meiri tekjur en faglærður verkamaður, eins og hann er skilgreindur í 22. gr. 6. tölulið; og
- (c) eftir atvikum í sambandi við aðra vernd, fullnægir ákvæðum samþykktarinnar.

## 7. gr.

Þau tilfelli, sem undir trygginguna koma eru,

- (a) þörf fyrir læknishjálp til lækningar sjúkdóma og í tilteknum tilvikum til að verjast sjúkdómum!
- (b) vanhæfi til vinnu, sem er afleiðing sjúkdóms og hefur í för með sér missi launa eins og það er skilgreint í lögum.

## II. KAFLI

## LÆKNISHJÁLP

## 8. gr.

Með tilteknum skilyrðum skal sérhvert aðildarríki tryggja hinum tryggðu læknishjálp til lækninga og varnar gegn sjúkdómum í þeim tilfellum, sem nefnd eru í 7. gr. staflið (a).

## 9. gr.

Læknishjálp þá, sem um ræðir í 8. gr. skal veita með það fyrir augum að viðhalda, endurheimta eða bæta heilsu hins tryggða og getu hans til að vinna og sinna sínum persónulegu þörfum.

## 10. gr.

Að því er varðar tilfelli þau, sem nefnd eru í 7. gr. staflið (a) skal tryggingin taka til

- (a) allra kaupþega, þar með taldir iðnnemar, svo og eiginkvenna þeirra og barna; eða

- (b) tiltekinna stétta arðbærilega starfandi manna, svo að ekki séu færri en 75% allra arðbærlega starfandi landsmanna, og sömuleiðis eiginkvenna þeirra og barna; eða
- (c) tiltekinna stétta íbúanna, svo að eigi séu færri en 75% þeirra allra.

## 11. gr.

Þegar í gildi er yfirlýsing gefin samkvæmt 2. gr., skal tryggingin, að því er varðar tilfalli, sem nefnt er í 7. gr. (a), taka til

- (a) tiltekinna stétta kaupþega, svo að eigi séu færri en 25% allra kaupþega, og einnig eiginkvenna þeirra og barna;
- (b) tiltekinna stétta kaupþega í atvinnufyrirtækjum, svo að eigi séu færri en 50% allra kaupþega í atvinnufyrirtækjum, og sömuleiðis eiginkvenna þeirra og barna.

## 12. gr.

Þeir, sem fá tryggingabætur vegna örorku, elli, dauða fyrirvinnu eða atvinnuleysis, og konur þeirra og börn, þar sem við á, skulu með tilteknum skilyrðum halda rétti sínum til tryggingar að því er tekur til tilfella, sem nefnd eru í 7. gr. staflíð (a).

## 13. gr.

Læknishjálpin, sem nefnd er í 8. gr., skal a. m. k. fela í sér

- (a) aðstoð venjulegs læknis, þar með taldar sjúkravitjanir;
- (b) aðstoð sérfróðs læknis í sjúkrahúsum fyrir legusjúklinga og heimangöngu-sjúklinga, og þá sérfræðingsaðstoð, sem kostur kann að vera á utan sjúkrahúsa;
- (c) nauðsynleg lyf og umbúðir eftir fyrirmælum læknis eða annars löggilts aðila;
- (d) sjúkrahúsvist þegar hennar er þörf;
- (e) tannlækningar eftir því sem nánar er tiltekið;
- (f) læknisleg endurhæfing, þ. á m. að láta í té, viðhalda og endurnýja gervilimi og stoðtæki, eftir því sem nánar er tiltekið.

## 14. gr.

Þar sem í gildi er yfirlýsing gerð samkv. 2. gr., skal sjúkrahjálpar, sem um ræðir í 8. gr., að minnsta kosti fela í sér

- (a) aðstoð venjulegs læknis, þar með taldar heimavitjanir, ef mögulegt er;
- (b) aðstoð sérfróðs læknis í sjúkrahúsum fyrir legusjúklinga og heimangöngu-sjúklinga og þá sérfræðingsaðstoð, sem kostur kann að vera á utan sjúkrahúsa, ef það er mögulegt;
- (c) nauðsynleg lyf og umbúðir, eftir fyrirmælum læknis eða annars löggilts aðila;
- (d) sjúkrahúsvist þegar hennar er þörf.

## 15. gr.

Nú bindur löggjöf aðildarríkis réttinn til læknishjálpar samkvæmt 8. gr. því skilyrði, að hinn tryggði eða fyrirvinna hans hafi lokið réttindavinnslutíma, og skulu þá skilyrðin um réttindavinnslutímann vera þannig, að þeir sem að jafnaði tilheyra þeim stéttum, sem tryggðar eru, glati ekki réttinum til nefndra bóta.

## 16. gr.

1. Læknishjálpar, skv. 8. gr., skal veitt svo lengi sem það ástand varir, sem tryggingin tekur til.
2. Nú hættir þiggjandi aðstoðar að tilheyra tryggðri stétt, og má þá takmarka við tiltekinn tíma, sem ekki sé skemmri en 26 vikur, rétt hans til frekari læknishjálpar vegna veikinda, sem byrjuðu meðan hann var í þeirri stétt. Þá skal læknishjálpar halda áfram meðan hlutaðeigandi heldur sjúkrabótum.



3. Þrátt fyrir ákvæði 2. töluliðs þessarar greinar skal læknishjálpi framlengd þegar um er að ræða tiltekna sjúkdóma, sem viðurkennt er að krefjist langvinnrar meðferðar.

## 17. gr.

Nú er svo fyrir mælt í lögum aðildarríkis, að þiggjandi aðstoðar eða fyrirvinna hans taki þátt í kostnaði við læknishjálpi, sem um ræðir í 8. gr., og skulu þá reglurnar um slíka skiptingu kostnaðar þannig úr garði gerðar, að ekki séu lagðar of þungar byrðar á hlutaðeigendur, né dregið sé úr árangri af læknislegri eða félagslegri aðstoð.

## III. KAFLI

## SJÚKRABÆTUR

## 18. gr.

Sérhvert aðildarríki skal með tilteknum skilyrðum tryggja hinum tryggðu sjúkrabætur vegna þeirra tilfella, sem nefnd eru í 7. gr. (b).

## 19. gr.

Að því er varðar tilfelli þau, sem nefnd eru í 7. gr., staflið (b), skal tryggingin taka til

- (a) allra kaupþega, þar með taldir iðnnemar; eða
- (b) tiltekinna stétta arðbærlega starfandi manna, svo að eigi séu færri en 75% allra arðbærlega starfandi landsmanna; eða
- (c) allra íbúa, sem meðan hið tryggingarskylda ástand varir, hafa ekki fjárráð yfir því marki, sem tiltekið er í samræmi við ákvæði 24. greinar.

## 20. gr.

Þegar í gildi er yfirlýsing gefin samkvæmt 2. gr., skal tryggingin, að því er varðar tilfelli, sem nefnt er í 7. gr., staflið (b), taka til

- (a) tiltekinna stétta kaupþega, svo að eigi séu færri en 25% allra kaupþega; eða
- (b) tiltekinna stétta kaupþega í atvinnufyrirtækjum, svo að eigi séu færri en 50% allra kaupþega í atvinnufyrirtækjum.

## 21. gr.

Sjúkrabætur þær, sem um ræðir í 18. gr., skulu greiddar á ákveðnum fresti og

- (a) þegar kaupþegar eða stéttir arðbærlega starfandi manna eru tryggðir, skulu þær reiknaðar þannig, að í samræmi sé við ákvæði annað hvort 22. eða 23. greinar;
- (b) þegar tryggðir eru allir íbúar, sem meðan ástandið varir, hafa ekki fjárráð umfram tiltekið mark, skulu þær reiknaðar þannig að í samræmi sé við ákvæði 24. greinar.

## 22. gr.

1. Þegar um er að ræða greiðslur inntar af hendi með vissu millibili, sem þessi grein tekur til, skulu bæturnar, að viðbættum þeim fjölskyldubótum, sem greiðast eiga meðan tryggingarástandið varir, vera, að því er varðar tilfelli, sem nefnt er í 7. gr., staflið (b), fyrir venjulegan bótaþega a. m. k. 60% af bæði fyrri vinnutekjum bótaþega og upphæð þeirra fjölskyldubóta, sem greiðast kunna tryggðum aðila með sömu framfærsluskyldu og hinn venjulegi bótaþegi.
2. Fyrri vinnutekjur bótaþega skulu reiknaðar eftir tilteknum reglum, og þar sem hinir tryggðu eru flokkaðir eftir vinnutekjum, má reikna fyrri vinnutekjur þeirra eftir grunntekjum þeirra flokka, sem þeir tilheyrðu.
3. Tiltaka má hámark upphæðar bóta og vinnutekna, sem bætur eru reiknaðar

- eftir, enda sé það hámark sett á þann hátt, að ákvæða 1. töluliðs þessarar greinar sé gætt, þegar fyrri vinnutekjur bótaþegans eru hinar sömu eða lægri en laun faglærðs vinnandi karlmanns.
4. Fyrri vinnutekjur bótaþega, kaup faglærðs vinnandi karlmanns, bætur og fjölskyldubætur, skal allt miðast við sama tíma.
  5. Að því er til annarra bótaþega tekur, skulu bæturnar vera í hæfilegu hlutfalli við bætur til venjulegs bótaþega.
  6. Í merkingu þessarar greinar skal faglærður vinnandi karlmaður vera
    - (a) setjari (montör) eða rennismiður í vélsmíðju annarri en rafvéla; eða
    - (b) maður, sem telja má dæmigerðan faglærðan mann í samræmi við ákvæði eftirfarandi töluliðs;
    - (c) maður, sem hefur þær tekjur, að þær séu eins miklar eða meiri en tekjur 75% allra hinna tryggðu, skulu þá tekjurnar miðaðar við eitt ár eða skemmra tímabil, eftir því, sem tiltekið kann að vera; eða
    - (d) sá maður, sem hefur tekjur, er jafngildi 125% af meðaltekjum allra hinna tryggðu.
  7. Sá maður, sem talinn er sérkennandi fyrir faglærða stétt í skilningi (b)-liðs næsta töluliðs hér á undan, skal vera maður, er starfi í hinum meiri háttar atvinnugreinum, er samanlagt veiti atvinnu mestum fjölda arðbærlega starfandi karlmanna, er tryggðir séu í því tilfelli, sem um ræðir í staflið (b) í 7. gr. í þeim flokki, sem fjölmennastur sé af slíkum mönnum. Í þessu augnamiði skal nota hinar viðurkenndu alþjóðareglur um flokkun allra atvinnugreina, sem Fjárhags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti á sjöunda þingi sínu 27. ágúst 1948, með breytingum til 1968, og prentuð er sem viðauki við samþykkt þessa, eða þá flokkun eins og hún kann að vera breytt á hverjum tíma.
  8. Þar sem bæturnar eru mismunandi eftir landshlutum má í samræmi við töluliði 6 og 7 í þessari grein ákvarða hver sé faglærður karlmaður í annarra þjónustu í hverjum landshluta sérstaklega.
  9. Kaup faglærðs karlmanns skal ákvarðað með tilliti til launastigans fyrir venjulegan vinnutíma, eins og hann hefur verið ákveðinn með heildarsamningum með eða samkvæmt lögum landsins eða reglugerðum, þar sem það á við, eða með venju og sé talin þar með dýrtiðaruppbót ef nokkur er. Þar sem slíkir taxtar eru mismunandi eftir landshlutum, en ekki er farið eftir 8. tölulið þessarar greinar, skal miða við meðaltaxtann.

## 23. gr.

1. Greiðsla innt af hendi með vissu millibili, sem þessi grein tekur til, að viðbættum fjölskyldubótum, sem kann að vera um að ræða í hverju tilfelli, skal vera það há, að hinn venjulegi bótaþegi fái í því bótatilfelli, sem umræðir í staflið (b) í 7. gr. a. m. k. 60% af samanlögðu kaupi venjulegs fullorðins verkamanns, sem þar er tilgreint, og fjölskyldubóta, sem greiða ber tryggðum manni, sem hefur sömu framfærsluskyldu og hinn venjulegi bótaþegi.
2. Kaup venjulegs fullorðins verkamanns, bæturnar og fjölskyldubætur, ef um þær er að ræða, skal miða við sama tíma.
3. Þar sem um er að ræða aðra bótaþega, skulu bæturnar vera í hæfilegu hlutfalli við bætur venjulegs bótaþega.
4. Í skilningi þessarar greinar skal venjulegur fullorðinn verkamaður vera:
  - (a) maður, sem talinn er sérkennandi fyrir ófaglærða verkamenn í vélsmíði annarri en smíði rafvéla; eða
  - (b) maður, sem talinn er sérkennandi fyrir ófaglærða verkamenn, og sé þá miðað við ákvæði næsta töluliðs hér á eftir.
5. Sá maður, sem talinn er sérkennandi fyrir ófaglærða stétt, í skilningi (b)-liðs í næsta tölulið hér á undan, skal vera maður, er starfi í hinum meiri háttar at-

- vinnugreinum, er samanlagt veiti atvinnu mestum fjölda arðbærlega starfandi karlmanna, er tryggðir séu í þeim tilfellum sem um ræðir í staflið (b) í 7. gr. í þeim flokki, sem fjölmennastur sé af slíkum mönnum. Í þessu augnamiði skal nota hinar viðurkenndu alþjóðareglur um flokkun allra atvinnugreina, sem Fjárhags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti á sjöunda þingi sínu 27. ágúst 1948 með breytingum til 1968, sem prentuð er sem viðauki við samþykkt þessa, eða þá flokkun eins og hún kann að vera breytt á hverjum tíma.
6. Þar sem bæturnar eru mismunandi eftir landshlutum má í samræmi við tölu-liði 4 og 5 í þessari grein, ákvarða hver teljist venjulegur fullorðinn verkamaður í hverjum landshluta fyrir sig.
  7. Kaup venjulegs fullorðins verkamanns skal ákvarðað með tilliti til launastigans fyrir venjulegan vinnutíma, eins og hann hefur verið ákveðinn með heildarsamningum, með eða samkvæmt lögum landsins eða reglugerðum, þar sem það á við, eða með venju og sé talin þar með dýrtíðaruppbót, ef nokkur er. Þar sem slíkir taxtar eru mismunandi eftir landshlutum, en ekki er farið eftir 6. tölulið þessarar greinar, skal miða við meðaltaxtann.

## 24. gr.

Þegar um er að ræða greiðslur, sem inntar eru af hendi með vissu millibili og þessi grein tekur til:

- (a) skal upphæð bóttanna ákveðin samkvæmt tilteknum stiga eða stiga, sem ákveðinn er af hlutaðeigandi stjórnvaldi í samræmi við tilteknar reglur;
- (b) má einungis lækka þessa upphæð eftir því sem önnur fjárráð fjölskyldu bótaþegans fara fram úr tilteknum verulegum upphæðum eða verulegum upphæðum ákveðnum af hlutaðeigandi stjórnvaldi í samræmi við tilteknar reglur;
- (c) skal heildarupphæð bóttanna að viðbættum öðrum tekjum, eftir að frá hafa verið dregnar þær verulegu upphæðir, sem um ræðir í staflið (b), vera fullnægjandi til þess að framfleyta fjölskyldu bótaþegans heilsusamlega og sómasamlega og skal ekki vera lægri en tilsvarendi bætur reiknaðar í samræmi við ákvæði 23. greinar;
- (d) ákvæðum stafliðs (c) skal talið fullnægl, ef heildarupphæð sjúkrabóta, sem greiddar eru samkvæmt þessari samþykkt, fer að minnsta kosti 30% fram úr heildarfjárhæð bóta, sem fást mundu með því að beita ákvæðum 23. greinar og ákvæðum (b)-liðs í 19. grein.

## 25. gr.

Nú binda lög aðildarríkis rétt til sjúkrabóta samkvæmt 18. grein því skilyrði, að hinn tryggði hafi lokið réttindavinnslutíma, og skulu þá skilyrðin um réttindavinnslutímann vera þannig, að þau svipti ekki þá menn bótarétti, sem venjulega tilheyra þeim flokkum manna, sem tryggðir eru.

## 26. gr.

1. Sjúkrabætur þær, sem um ræðir í 18. grein, skulu veittar meðan hið tryggða ástand varir. Þó má takmarka bótagreiðslur við tímabil, er ekki sé skemmra en 52 vikur í hverju tilfelli vanhæfis til vinnu eftir því, sem nánar er tiltekið.
2. Þegar í gildi er yfirlýsing gefin samkvæmt 2. grein, má takmarka bótagreiðslur, sem um ræðir í 18. grein, við tímabil, sem ekki sé skemmra en 26 vikur í hverju tilfelli vanhæfis til vinnu, eftir því sem nánar er tiltekið.
3. Ef lög aðildarríkis mæla svo fyrir að sjúkrabætur greiðist ekki fyrir fyrstu dagana eftir að kaupgreiðsla fellur niður, skal sá biðtími ekki vera lengri en 3 dagar.

## 27. gr.

1. Nú deyr maður, sem hefur notið sjúkrabóta, sem um ræðir í 18 grein, eða átti rétt á þeim, og skal þá, eftir nánari reglum, greiða jarðarfararstyrk til vanda-manna hans eða þess aðila, sem greitt hefur kostnaðinn við jarðarförina.

2. Aðildarríki getur vikið frá ákvæði 1. töluliðs þessarar greinar ef:
  - (a) það hefur undirgengið skuldbindingar samkvæmt IV. kafla Samþykktar frá 1967 um örorku-, elli- og eftirlifendabætur;
  - (b) í lögum þess er kveðið á um sjúkradagpeninga, sem eigi séu lægri en 80% af vinnutekjum hins tryggða; og
  - (c) meiri hluti hinna tryggðu eru tryggðir frjálsri tryggingu, sem er undir opinberu eftirliti og veitir rétt til jarðarfarastryks.

#### IV. KAFLI SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

##### 28. gr.

1. Bætur, sem tryggður maður á annars rétt á samkvæmt þessari samþykkt, má fella niður að svo miklu leyti sem tiltekið kann að vera:
  - (a) meðan hann dvelur erlendis;
  - (b) meðan hann fær bætur frá þriðja aðila fyrir tryggingatilfallið og að svo miklu leyti sem það gerist;
  - (c) þegar hann hefur reynt að fá bætur á fölskum forsendum;
  - (d) þegar tryggingatilfallið er afleiðing refsiverðs verknaðar hlutaðeigandi manns;
  - (e) þegar tryggingartilfallið er afleiðing af alvarlegu misferli hlutaðeigandi manns, frömdu af ásetningi;
  - (f) þegar hlutaðeigandi maður án gildrar ástæðu vanrækir að færa sér í nyt læknishjálp og endurhæfingu, sem hann á kost á, eða vanrækir að fylgja tilteknum reglum um sönnun fyrir bótarétti, eða reglum um hegðun bótaþega;
  - (g) meðan hlutaðeigandi fær framfæri af almannaþé, eða almannatryggingum, þegar um er að ræða sjúkrabætur samkvæmt 18. grein; og
  - (h) að því er tekur til sjúkrabóta samkvæmt 18. grein, svo lengi sem hlutaðeigandi fær aðrar almannatryggingabætur í peningum, að undanskildum fjölskyldubótum, enda sé sá hluti bóta, sem felldur er niður ekki hærrí en hinar bæturnar.
2. Í þeim tilvikum, og innan þeirra marka, sem nánar eru tiltekin, skal hluti þeirra bóta, sem annars ber að greiða, greiddast þeim, sem eru á framfæri hlutaðeigandi manns.

##### 29. gr.

1. Sérhver umsækjandi skal hafa rétt til áfrýjunar ef honum er synjað um bætur, og að kæra, ef honum finnst aðstoðin ónóg.
2. Nú er stjórn læknishjálpar í sambandi við framkvæmd þessarar samþykktar falin stjórnvaldi, sem ber ábyrgð gagnvart löggjafarvaldinu, og getur þá í stað réttar til áfrýjunar, samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar, komið réttur til þess að láta hlutaðeigandi stjórnvald athuga kvartanir vegna synjunar á læknishjálpi eða hvernig hún er veitt.

##### 30. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal taka á sig almenna ábyrgð á því, að bætur samkvæmt þessari samþykkt séu réttilega inntar af hendi, og skal það gera þær ráðstafanir, sem þörf er í þessu skyni.
2. Sérhvert aðildarríki skal taka á sig almenna ábyrgð á góðri stjórn stofnana og þjónustu, sem varðar framkvæmd ákvæða samþykktar þessarar.

## 31. gr.

Þegar stjórnin er ekki falin stofnun undir eftirliti opinberra stjórnvalda eða stjórnardeild, (sem ábyrg er gagnvart löggjafarvaldinu:

- (a) skulu fulltrúar hinna tryggðu taka þátt í stjórninni, eftir nánar tilteknum reglum;
- (b) skulu landslög kveða á um þátttöku fulltrúa atvinnurekenda, eftir því sem við á;
- (c) má í lögum einnig kveða á um þátttöku fulltrúa opinberra stjórnvalda.

## 32. gr.

Sérhvert aðildarríki skal innan síns yfirráðasvæðis tryggja útlendingum, sem búa þar eða vinna að staðaldri, jafnrétti við þess eigin borgara að því er varðar rétt til bóta, sem kveðið er á um í þessari samþykkt.

## 33. gr.

## 1. Aðildarríki,

- (a) sem hefur tekið á sig skuldbindingar þessarar samþykktar, án þess að nota þær undanþágur, sem um ræðir í 2. og 3. gr.;
  - (b) sem veitir almennt hærri bætur en samþykkt þessi kveður á um og ef samanlögð útgjöld þess til sjúkrá hjálpar og sjúkrabóta eru að minnsta kosti 4% af þjóðartekjum þess; og
  - (c) fullnægir að minnsta kosti tveimur af eftirtöldum þrem skilyrðum:
    - (i) tryggingin tekur til hundraðshluta af arðbærlega starfandi íbúum, sem sé að minnsta kosti 10 stigum hærri en sá hundraðshluti, sem krafizt er í 10. gr. (b)-lið, og 19 gr. (b)-lið, eða hundraðshluta allra íbúa, sem sé a. m. k. 10 stigum hærri en sá hundraðshluti, sem krafizt er í 10. gr. (c)-lið,
    - (ii) að það veiti læknishjálp til lækninga og varnar gegn sjúkdómum, sem sé á verulega hærri stigi en tiltekið er í 13. grein,
    - (iii) að það veiti sjúkrabætur, sem svari til hundraðshluta, er sé að minnsta kosti 10 stigum hærri en krafizt er í 22. og 23. grein,
- getur, að höfðu samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og launþega, þar sem þau eru til, gert tímabundnar undantekningar frá einstökum ákvæðum í II. og III. kafla þessarar samþykktar, með því skilyrði, að slíkar undantekningar hvorki skerði verulega né skaði þau grundvallarréttindi, sem þessi samþykkt á að tryggja.

- 2. Sérhvert aðildarríki, sem hefur gert slíkar undantekningar, skal í skýrslum sínum, sem gefnar eru samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, tilgreina hvernig er háttað lögum þess og venjum, að því er snertir slíkar undantekningar, og hvaða framfarir hafa orðið í þá átt að samþykktinni verði framfylgt að fullu.

## 34. gr.

Undir þessa samþykkt skulu ekki falla:

- (a) tilfelli, sem gerðust áður en samþykktin gekk í gildi hjá hlutaðeigandi aðildarríki;
- (b) bætur í tilfellum, sem gerðust eftir að samþykktin gekk í gildi hjá hlutaðeigandi aðildarríki, að svo miklu leyti, sem rétturinn til slíkra bóta á upptök sín á þeim tíma, sem á undan fór.

## V. KAFLI

## LOKAÁKVÆÐI

## 35. gr.

Í þessari samþykkt felst endurskoðun á Samþykkt frá 1927 um sjúkratryggingar iðnaðarfólks, og Samþykkt frá 1927 um sjúkratryggingar landbúnaðarfólks.

## 36. gr.

1. Í samræmi við ákvæði 75. greinar Samþykktar frá 1952 um lágmark félagslegs öryggis, skal III. kafli þeirrar samþykktar, og tilsvarendi ákvæði í öðrum köflum hennar, hætta að gilda fyrir aðildarríki, sem hefur fullgilt þessa samþykkt, frá þeim tíma er þessi samþykkt gengur í gildi fyrir það aðildarríki, og ekki er í gildi nein yfirlýsing samkvæmt 3. grein.
2. Ef ekki er í gildi nein yfirlýsing samkvæmt 3. grein, skal viðurkenning á skyldum samkvæmt samþykkt þessari talin sem viðurkenning á skyldum samkvæmt III. kafla Samþykktar frá 1952 um lágmark félagslegs öryggis, og samsvarandi ákvæða annarra kafla hennar, sbr. 2. grein nefndrar samþykktar.

## 37. gr.

Ef samþykkt, er þingið kann síðar að gera um atriði, sem þessi samþykkt fjallar um, kveður svo á, skulu þau ákvæði, sem fyrirnefnd samþykkt kann að tiltaka, hætta að gilda fyrir aðildarríki, sem fullgilt hefur þá samþykkt, frá þeim degi, er hún gengur í gildi fyrir hlutaðeigandi aðildarríki.

## 38.—45. gr.

Samhljóða 28.—35. grein í Samþykkt nr. 129 hér að framan, nema að í 44. gr. er vísað til 40. greinar.

Ath.: Samþykkt þessari fylgir viðauki með flokkun atvinnugreina, en honum er sleppt hér.

**Fylgiskjal III.**

**Tillaga 132 um bætur á lífskjörum og starfskjörum leiguliða, hlutamanna og hliðstæðra flokka landbúnaðarstarfsmanna.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, saman komið til 52. þingsetu sinnar í Genf hinn 5. júní 1968, eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofnunar;

hefur samþykkt tilteknar ábendingar varðandi bætt lífsskilyrði og starfskjör leiguliða, hlutamanna og hliðstæðra flokka manna, sem við landbúnað starfa, en þetta er fjórða dagskrármál þingsins;

hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli vera í formi tillögu;

telur að þessar ábendingar taki einungis til eins þáttar í framförum í landbúnaði, og verði að fella þær inn í viðari ramma slíkra framfara;

minnist þess, að Sameinuðu þjóðunum og sérstofnunum þeirra, einkum Alþjóðavinnuálastofnuninni og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna hefur með ályktunum Efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna verið falið að gefa meiri gaum að endurbótum í landbúnaði;

minnist þess, að til góðs árangurs af aðgerðum varðandi hina mjög svo margvíslegu þætti endurbóta í landbúnaði, sé það nauðsynlegt að góð samvinna sé á þessu sviði milli Sameinuðu þjóðanna og sérstofnananna, og þá einkum við Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, en Efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna hefur viðurkennt meginhlutverk þeirrar stofnunar í þessu máli;

minnist þess að eftirfarandi reglur hafa því verið samdar í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, og að með það fyrir augum að komast hjá tvíverknaði og að tryggja viðeigandi samræmingu, verði samfelld samvinna til þess að tryggja framkvæmd þessara reglna;

minnist þess sérstaklega, að allar skýrslur aðildarríkja samkvæmt 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar verða látnar í lé Sameinuðu þjóðunum og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, svo að þessar stofnanir geti haft þær til athugunar í starfi sínu að endurbótum í landbúnaði, og við gerð

skýrslna til Fjárhags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna um framfarir í landbúnaði;

því gerir þingið í dag hinn 25. júní 1968 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um leiguliða, 1968.

### I. Gildissvið.

1. (1) Þessi tillaga tekur til starfsmanna við landbúnað, sem
  - (a) greiða leigu í fé eða friðu eða með vinnu eða með þessum háttum sameiginlega,
  - (b) greiða leigu með umsömdum hluta afraksturs,
  - (c) fá greitt í hluta afraksturs, enda falli þeir ekki undir lög eða reglugerðir, sem taka til kaupþega,
 þegar þeir yrkja landið sjálfir, eða með aðstoð fjölskyldu sinnar, eða þeir fá aðra hjálp innan marka, sem ákveðin séu með lögum eða reglugerðum.
- (2) Þessir verkamenn eru hér á eftir nefndir „leiguliðar, hlutamenn og hliðstæðir landbúnaðarmenn“.
2. Tillaga þessi tekur ekki til vinnu, sem greidd er með ákveðnu kaupi.
3. Þau ákvæði þessarar tillögu, sem fjalla um „landeigendur“, taka til sérhvers þess manns, sem verkamaður, er þessi ályktun tekur til, ræður sig hjá, sem leiguliði, hlutamaður eða með hliðstæðum kjörum, hvort sem þessi maður er eigandi landsins, fulltrúi landeigandans, eða maður, sem umboð hefur til þess að gera slíka samninga.

### II. Markmið.

4. Það ætli að vera markmið stefnunnar í félags- og efnahagsmálum að stuðla að samfelldum bótum á aðstöðu leiguliða, hlutamanna og hliðstæðra landbúnaðarmanna, og að tryggja þeim sem mest öryggi hvað snertir atvinnu og lífskjör, og sé tekið tillit til nauðsynjarinnar á því að viðhafa góða bútækni og færa í nyt þá möguleika, sem landið og efnahagur býður, og tillit sé tekið til fjárhagslegrar getu hlutaðeigandi ríkis.
5. Aðildarríkin ættu, án þess að skert séu grundvallarréttindi landeigenda, að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að leiguliðar, hlutamenn og hliðstæðir landbúnaðarmenn geti sjálfir borið aðalábyrgð á búrekstri sínum. Veita ætli þeim nauðsynlega aðstoð í þessu skyni, og jafnframt skal tryggja, að þau hjálpartæki, sem látin eru í té, séu sem bezt nýtt og þeim vel við haldið.
6. Í samræmi við þá meginreglu að allir landbúnaðarstarfsmenn skuli eiga kost á landi, ætti, þar sem það hentar með tilliti til efnahagslegrar og félagslegrar þróunar, að gera ráðstafanir til þess að auðvelda leiguliðum og öðrum landbúnaðarstarfsmönnum að fá jarðnæði.
7. Hvetja ætti til stofnunar og eflingar félagssamtaka, er gæti hagsmuna leiguliða og hliðstæðra landbúnaðarstarfsmanna annars vegar og félagssamtaka, er gæti hagsmuna landeigenda hins vegar, og veita ætti mögulega fyrirgreiðslu í þessu efni.
8. Það skyldi viðurkennt, að allar þær aðgerðir, sem um ræðir í þessari tillögu og miða að því að ná þeim markmiðum, sem nefnd eru í 4.—7. gr., mundu verða áhrifaríkari ef þær væru fólgnar í heildaráætlun um endurbætur í landbúnaði.

### III. Framkvæmdahættir.

9. Ef ekki er unnt að ná framangreindum markmiðum, einkum þeim, sem greinir í 4. gr., á grundvelli gildandi laga um leigu og vinnumál, ætti að breyta þessum lögum eða setja sérstök lög að höfðu samráði við hlutaðeigandi félagssamtök, eða fulltrúa hlutaðeigandi aðila, ef slík félagssamtök eru ekki til.

10. Gera ætti ráðstafanir og setja reglur, er hæfi aðstæðum í hverju landi, til þess:
- (a) að leiga sé þannig ákvæðin:
    - (i) að hún geri leiguliðanum kleift að lifa mannsæmandi lífi;
    - (ii) að hún veiti báðum aðilum sanngjarnan ágóða;
    - (iii) að stuðlað sé að framförum í landbúnaði.
  - (b) að ákvarða þann lágmarkshluta af framleiðslunni, sem þeir menn, sem nefndir eru í 1. gr. (1) (c), eiga rétt á;
  - (c) að endurskoða leigu í sérstökum tilvikum, svo sem þegar verulegar breytingar verða á afrakstri, verðlagi eða verðmæti lands;
  - (d) að fresta leigugreiðslu og lækka hana þegar ástæður krefja vegna uppskerubrests eða annarra áfalla af völdum náttúrunnar, sem leiguliðinn gat ekki séð fyrir eða ráðið við.
11. Gera ætti viðeigandi ráðstafanir til þess að vernda leiguliða og hliðstæða landbúnaðarstarfsmenn gegn því, að landeigandi skyldi þá til að láta í té persónulega þjónustu, hvort sem er ókeypis eða fyrir kaup og í hvaða formi sem er, og hlutaðeigandi stjórnvald ætti að setja hæfileg viðurlög við sérhverjum tilraunum í þá átt.
12. Vera ætti stofnun eða aðili, eftir því sem við á í hverju landi, sem:
- (a) annist framkvæmd laga, reglugerða, samninga og venju til bóta á kjörum leiguliða og annarra hliðstæðra landbúnaðarmanna, sem eflir vilja þeirra til frumkvæðis og veitir þeim öryggi;
  - (b) greiðir skjótt og á ódýran hátt úr deilum milli landeigenda annars vegar og leiguliða eða hliðstæðra landbúnaðarstarfsmanna hins vegar.
13. Félagssamtök, sem gæta hagsmuna leiguliða og hliðstæðra manna við landbúnað, og félagssamtök, sem gæta hagsmuna landeigenda eða fulltrúar þeirra, ef félög eru ekki til, ættu að taka þátt í þeim ráðstöfunum og stofnunum, sem um ræðir í 10. og 12. gr. og athugun samninga þeirra, sem um getur í 14. gr. (1) (a) og 15. gr.
14. (1) Samningar landeigenda annars vegar og leiguliða og hliðstæðra landbúnaðarstarfsmanna hins vegar:
- (a) ættu helst að vera skriflegir eða vera í samræmi við fyrirmynd að samningi, sem hlutaðeigandi stjórnvald gerir;
  - (b) ættu að gerast á nánar tiltekinn hátt svo að tryggt sé, að leiguliðinn eða hliðstæður landbúnaðarstarfsmaður hafi skilið fyllilega ákvæði samningsins, og þeir skulu gerðir undir tilhlýðilegu eftirliti hlutaðeigandi stjórnvalds;
  - (c) ættu að gilda það lengi og hafa að geyma þau ákvæði um sjálfkrafa framlengingu, að sem bezt sé tryggt öryggi í samskiptunum og góðir búskaparhættir.
- (2) Leggja ætti bann við því að landeigandi krefjist neins konar greiðslu eða gjafa fyrir endurnýjun samnings, og hlutaðeigandi stjórnvald ætti að setja hæfileg viðurlög við sérhverri tilraun í þessa átt.
15. (1) Í öllum samningum ættu að vera þau ákvæði, sem samkvæmt viðeigandi lögum og reglugerðum eru nauðsynleg til þess að skilgreina réttindi og skyldur samningsaðila.
- (2) Jafnan ætti þó samningur að innihalda eftirfarandi:
- (a) nöfn samningsaðila og aðrar upplýsingar, sem eru nauðsynlegar til þess að vita hverjir þeir eru;
  - (b) lýsingu á jörðinni og skrá yfir fylgifé;
  - (c) upphæð leigunnar, sem greiða á fyrir jörðina, eða greislu þeirrar, sem greiða ber fyrir vinnu ábúandans, svo og í hvaða formi greiðslur fari fram.



- (3) Að svo miklu leyti, sem ekki er nægilega ákvæðið í lögum eða reglugerðum, ættu samningar enn fremur að innihalda ákvæði um eftirfarandi:
- (a) gildistíma samningsins og hvernig hann er talinn;
  - (b) framlengingu og uppsögn samningsins, svo og um framsal samningsins eða framleigu, eftir því, sem við á;
  - (c) hvaða viðgerðir eða endurbætur skuli hvíla á hvorum samningsaðila;
  - (d) réttindi og skyldur aðila í sambandi við framleiðslukostnað og arð af búinu, og skiptingu hans;
  - (e) greiðslu fyrir umbætur, samkv. 17. gr., sem landseti gerir á samningstímanum;
  - (f) rétt til skaðabóta í þeim tilvikum, er landeigandi slitur samningi áður en hann rennur út, sbr. 16. gr. (4);
  - (g) réttindi og skyldur aðila í sambandi við skemmdir á byggingum og tækjum;
  - (h) lausn deilumála;
  - (i) um það er landseti deyr;
  - (j) um verndun réttinda aðila til efna í jörðu, vatns og annarra verðmæta í sambandi við jörðina.
- (4) Þar sem það á við, ættu samningar einnig að innihalda ákvæði um eftirfarandi:
- (a) hvaða búskaparhættir skuli viðhafðir til þess að jörðinni og auðlindum hennar sé vel haldið við;
  - (b) hvaða þægindi landeigandi skuli láta í té, svo sem húsnæði og annað;
  - (c) hvaða tryggingar skuli teknar gegn áhættu í búskap o. fl., og hver greiði kostnað af slíkum tryggingum.
16. (1) Réttur landeiganda til að rifta samningi áður en hann rennur út, ætti að vera takmarkaður við tilvik, sem ákvæðin eru í lögum eða reglugerðum, svo sem ef um er að ræða slæman búrekstur hjá leiguliða, eða landeigandi vill fá jörðina af ástæðum, sem viðurkenndar eru af hlutaðeigandi stjórnvaldi.
- (2) Þegar samningi er þannig riftað, ættu leiguliði, hlutamaður eða hliðstæður maður að eiga rétt á nægilegum fresti til að ná inn uppskeru sinni, eða að fá hana greidda, hvort sem hann kys heldur.
  - (3) Tilkynna ætti leiguliða, hlutamanni eða hliðstæðum manni skriflega, og með nægum fyrirvara, ef landeigandi ætlar að selja jörðina. Hafi þeir á fullnægjandi hátt yrkt landið um tiltekið árabíl, ættu þeir að hafa forkaupsrétt á landinu.
  - (4) Leiguliðar, hlutabændur og hliðstæðir landbúnaðarmenn, ættu að eiga rétt á bótum fyrir tjón, sem þeir verða fyrir vegna þess, að landeigandi riftar samningi áður en hann rennur út vegna ástæðna annarra en þeirra, að ekki sé staðið við umsamdar skuldbindingar.
17. Leiguliðar, hlutamenn eða aðrir hliðstæðir landbúnaðarmenn ættu að eiga rétt á því að gera nauðsynlegar endurbætur á búinu og hafi þeir fengið samþykki landeiganda eða hlutaðeigandi stjórnvalds til endurbótanna, eða þær eru leyfðar með lögum, ættu þeir að eiga rétt á greiðslu fyrir aukið verðgildi búans þegar þeir skila því af sér.
18. Þegar það er venja eða nauðsyn, að leiguliði, hlutamaður eða hliðstæður landbúnaðarmaður búi á jörðinni, ætti að hvetja til þess að landeigandi sjái honum fyrir húsnæði, er sé hæfilegt og mannsæmandi með tilliti til verndar fyrir náttúruöflum, aðgangs að neyzluvatni og hreinlætisaðstöðu svo og sérstökum gripahúsum. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að aðstoða landeigendur við að uppfylla þessar skyldur.

19. Leiguliðar og hliðstæðir landbúnaðarmenn ættu að hafa leyfi til þess að nota skika af jörðinni til þess að rækta fæðu fyrir sig og fjölskyldur sínar, enda þótt þeir hafa ekki þenna rétt samkvæmt samningnum.
20. Innan ramma opinberrar skráningar ætti að skrásetja tilhlýðilega réttindi leiguliða og hliðstæðra landbúnaðarmanna, þeim að kostnaðarlausu, og allar breytingar ætti að skrá jafnóðum.

#### IV. Aðrar aðgerðir.

21. Þar sem við á, ættu hlutaðeigandi stjórnvöld í samvinnu við hlutaðeigandi félagssamtök, að hvetja til þess, að leiguliðar og hliðstæðir landbúnaðarmenn stofni samvinnufyrirtæki, og gefa þeim leiðbeiningar í því efni, svo og að efla slík fyrirtæki þar sem þau eru þegar stofnuð. Fyrirtæki þessi annist ýmsa starfsemi, svo sem framleiðslu vara úr landbúnaðarafurðum, lánastarfsemi og verzlun.
22. (1) Með tilliti til þjóðareigna og aðstæðna í landinu, ætti að gera ráðstafanir til þess að veita leiguliðum og hliðstæðum landbúnaðarmönnum aðgang að hagstæðum lánum, einkum ætti að koma þessu í framkvæmd með því að:
  - (a) auka framleiðni og neyflu;
  - (b) auka jarðnæði;
  - (c) efla áhrifin af framförum í landbúnaði og áætlunum um landnám.
- (2) Eftir því sem við getur átt, ættu slíkir lánsmöguleikar að vera í tengslum við skipulag framkvæmda og reksturs í landbúnaði, sem sé viðurkennt og undir eftirliti.
- (3) Með tilliti til aðstæðna í hverju landi ætti sérstaklega að gefa gaum að lánsmöguleikum, sem fælust í:
  - (a) ódýrum lánnum samvinnustofnana;
  - (b) lánastarfsemi undir eftirliti;
  - (c) hagstæðum bankalánnum;
  - (d) vaxtalausum ríkislánnum.
- (4) Leiguliðar og hliðstæðir landbúnaðarmenn ættu ekki að þurfa leyfi landeiganda til þess að taka lán, sem notuð eru til að bæta bú þeirra.
23. (1) Hlutaðeigandi stjórnvöld og aðilar ættu að sjá til þess, að leiguliðar og hliðstæðir landbúnaðarmenn og skyldmenni þeirra eigi kost á almennri menntun, svo og að taka þátt í námskeiðum í búfræði og starfsþjálfun.
- (2) Þegar þessir menn njóta góðs af áætlunum um framfarir í landbúnaði og landnámi, ætti að gera sérstakar ráðstafanir til menntunar og þjálfunar þeirra, svo að þeir geti sem bezt notið þessara aðgerða.
- (3) Fulltrúar hlutaðeigandi félaga ættu að taka þátt í störfum þeirra opinberu aðila, sem sjá um framkvæmd ákvæða þessarar greinar.
24. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að gefa sérstakan gaum að áætlunum um framfarir í bústörfum, svo sem:
  - (a) að gefa leiguliðum og hliðstæðum landbúnaðarmönnum og skyldmönnum þeirra tækifæri til þess að nýta betur starfshæfni sína;
  - (b) að sjá um, að þeir, sem ekki geta fengið atvinnu í landbúnaði, geti fengið aðra stöðuga vinnu.
25. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að tryggja það, að leiguliðar og hliðstæðir landbúnaðarmenn:
  - (a) séu tryggðir viðeigandi og hæfilegum félagslegum tryggingum, eftir því sem við á;
  - (b) njóti góðs af áætlunum um framfarir í sveitum í málum eins og menntun, heilsugæzlu, húsnæðismálum og félagslegri þjónustu, þar með talin menn-

ingar- og fristundastarfsemi, og sér í lagi af áætlunum um samfélagsþróun, sem æflað er að ná til þeirra.

26. (1) Leiguliðar og hliðstæðir landbúnaðarmenn ættu að vera eins vel tryggðir og mögulegt er fyrir tekjumissi af völdum náttúruafllanna, svo sem vegna þurrka, flóða, hagls eða elds, eða vegna sjúkdóma í dýrum eða plöntum.
- (2) Að teknu tilliti til aðstæðna í hverju landi, og þar sem það á við, ættu hlutaðeigandi stjórnvöld að koma á fót eða stuðla að tryggingum fyrir þessa menn gegn þessum hætlum, og ættu þau að taka verulegan þátt í fjármögnun þeirra trygginga.

#### Fylgiskjal IV.

##### **Tillaga 133 um vinnueftirlit í landbúnaði.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuárástafnunarinnar saman komið til 53. þingsetu sinnar í Genf hiun 4. júní 1969, eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuárástafnunar, hefur ákveðið að samþykkja tilteknar ábendingar um vinnueftirlit í landbúnaði, sem er fjórða mál á dagskrá þingsins, og að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu til viðbótar samþykkt um vinnueftirlit í landbúnaði, 1969.

Þess vegna gerir þingið í dag 25. júní 1969 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um vinnueftirlit í landbúnaði, 1969:

1. Þar sem aðstæður í hlutaðeigandi landi leyfa, ætti að auka starfsemi vinnueftirlits í landbúnaði þannig, að hún taki einnig til samvinnu við hlutaðeigandi tæknilegar stofnanir með það fyrir augum að hjálpa framleiðendum í landbúnaði, hvernig sem stöðu þeirra er háttáð, til þess að bæta bú sín og afkomu og vinnuskilyrði þeirra, sem við þau vinna.
2. Að teknu tilliti til ákvæða 3. mgr. 6. greinar í samþykktinni um vinnueftirlit í landbúnaði, getur eftirlitið einnig tekið þátt í framkvæmd lagaákvæða um atriði eins og
  - a. þjálfun verkamanna;
  - b. félagslegri þjónustu í landbúnaði; ;
  - c. samvinnu;
  - d. skólaskyldu.
3. (1) Yfirleitt ætti það ekki að vera innan verksviðs eftirlitsmanna að vera sáttasemjarar eða gerðardómarar í vinnudeilum.
- (2) Ef engir sérstakir sáttasemjarar eru fyrir landbúnaðinn, má fela vinnueftirlitsmönnum að gegna sáttastörfum um, stundar sakir.
- (3) Í því tilvik, sem nefnt er í (2) hér að framan, ætti hlutaðeigandi stjórnvald að gera ráðstafanir, sem eru í samræmi við lög og samrýmast stjórn vinnumála í landinu, til þess að létta þeim störfum af vinnueftirlitsmönnum smátt og smátt, svo að þeir geti í ríkara mæli helgað sig raunverulegum eftirlitsstörfum.
4. Vinnueftirlitsmenn í landbúnaði ættu að kynna sér lífs- og starfsskilyrði í landbúnaði og hafa þekkingu á efnahagslegum og tæknilegum þáttum landbúnaðarstarfa.
5. Umsækjendur um hærri stöður innan eftirlitsins, ættu að hafa nægilega yrkis-skóla- eða háskólamenntun, eða hafa aflað sér starfsreynslu í stjórn vinnumála.
6. Ef menntunarstig þjóðarinnar leyfir, ættu umsækjendur um aðrar stöður í vinnueftirlitinu, svo sem stöðu aðstoðareftirlitsmanna eða lægri stöður, að hafa lokið almennri framhaldsmenntun, auk faglegrar mennlunar, ef mögulegt er, eða hafa aflað sér nægilegrar reynslu í vinnumálum.

7. Í löndum þar sem menntun er ekki komin á nægilega hátt stig, ættu þeir, sem ráðnir eru til eftirlitsstarfa, a. m. k. að hafa nokkra starfsreynslu í landbúnaði eða hafa sýnt áhuga fyrir slíkum störfum og hæfni til þeirra. Veita ætti þeim næga þjálfun í starfi svo fljótt, sem auðið er.
8. Miðstjórn vinnueftirlitsins ætti að gefa vinnueftirlitsmönnum í landbúnaði leiðbeiningar til þess að tryggj sé, að þeir starfi á sama hátt um allt land.
9. Vinnueftirlit í landbúnaði að nóttu til ætti að takmarkast við þau atriði, sem ekki er unnt að athuga að degi til.
10. Í landbúnaði má líta á heilbrigðis- og öryggisnefndir, sem verkamenn og atvinnurekendur eiga fulltrúa í, sem form fyrir samvinnu milli starfslíðs eftirlitsins og atvinnurekenda og verkamanna, eða félagssamtaka þeirra þar sem þau eru til.
11. Þátttaka vinnueftirlitsins í verndandi eftirliti með nýjum fyrirtækjum, nýjum efnum og nýjum vinnsluaðferðum, sem getur verið hættulegt heilbrigði eða öryggi, sbr. 17. gr. samþykktar um vinnueftirlit í landbúnaði frá 1969, ætti meðal annars að vera fólgin í því að haft sé fyrirfram samráð við vinnueftirlitið um, (a) opnun slíks fyrirtækis og notkun slíkra efna og slíkar vinnsluaðferðir, og (b) áætlanir um fyrirtæki, sem nota hættulegar vélar eða óheilmæmar eða hættulegar vinnsluaðferðir.
12. Atvinnurekendur ættu að sjá vinnueftirlitsmönnum í landbúnaði fyrir nauðsynlegri aðstöðu, þar með talið herbergi fyrir viðtöl við starfsfólk fyrirtækisins, þar sem það hentar.
13. Auk þeirra atriða, sem talin eru í 27. gr. samþykktarinnar frá 1969 um vinnueftirlit í landbúnaði, mættu ársskýrslur miðstjórnar vinnueftirlitsins fjalla um eftirtalin atriði, að svo miklu leyti sem þau eru innan verksviðs eftirlitsins:
  - (a) yfirlit yfir vinnudeilur í landbúnaði;
  - (b) upplýsingar um vandamál í sambandi við beitingu lagaákvæða, og hvað áunnizt hefur í lausn þeirra; og
  - (c) ábendingar um bætt lífsskjör og starfsskilyrði í landbúnaði.
14. (1) Aðildarríkin ættu að hefja eða styðja fræðsluherferð til þess að fræða hlutaðeigandi aðila á allan tiltækan hátt um gildandi lagaákvæði og nauðsyn þess, að þeim sé stranglega framfylgt, svo og um hættur þær, sem lífi og heilbrigði landbúnaðarfólks eru búnar, og helztu ráðin til að forðast þær.
  - (2) Eftir því sem við getur átt í hverju landi, geta slíkar herferðir verið fólgnar í eftirfarandi:
    - a. að nýta þjónustu ráðunauta og leiðbeinenda í landbúnaði;
    - b. að dreifa auglýsingum, bæklingum, tímaritum og blöðum;
    - c. að skipuleggja kvikmyndasýningar og útsendingar í hljóðvarpi og sjónvarpi;
    - d. að skipuleggja sýningar, er varða heilbrigði og öryggi;
    - e. að fella heilbrigði og öryggi og aðrar viðeigandi greinar inn í námsskrá sveitaskóla og búnaðarskóla.
    - f. að skipuleggja fundi fyrir fólk, sem vinnur í landbúnaði og hefur hagsmuna að gæta í sambandi við upptöku nýrra vinnsluaðferða eða nýrra efna;
    - g. að vinnueftirlitsmenn í landbúnaði taki þátt í fræðslu verkafólks; og
    - h. að skipuleggja fyrirlestra, umræður og námskeið, svo og samkeppni með verðlaunum.

#### Fylgiskjal V.

##### **Tillaga 134 um læknishjálp og sjúkrabætur.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar saman komið til 53. þingsetu sinnar í Genf hinn 4. júní 1969 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálagsskrif-

stofunnar, hefur samþykkt tilteknar ábendingar um endurskoðun á Samþykkt frá 1927 um sjúkratryggingar iðnaðarfólks og Samþykkt frá 1927 um sjúkratryggingar landbúnaðarfólks, en þetta var fimmta dagskrármál þingsins, og þar sem þingið hefur ákveðið, að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu til viðbótar Samþykkt um sjúkrabætur og sjúkrabætur 1969, gerir þingið í dag, 25. júní 1969, eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um læknishjálp og sjúkrabætur 1969.

1. Í samþykkt þessari

- a. tekur orðið „löggjöf“ til reglna um almannatryggingar, auk laga og reglugerða;
  - b. merkir orðið „tiltekið“ það, sem ákveðið er í lögum eða með heimild í lögum;
  - c. merkir orðið „heimili“ venjulegan dvalarstað í landi aðildarríkis, og orðið „íbúi“ þann mann, sem að staðaldri dvelur í landi aðildarríkis;
  - d. merkja orðin „á framfæri“ það ástand að maður er öðrum háður um framfærslu, og ætla má, að það ástand sé fyrir hendi í ákveðnum tilvikum;
  - e. merkir orðið „eiginkona“ þá eiginkonu, sem er á framfæri eiginmanns síns;
  - f. merkir orðið „barn“:
    - (i) barn á skólaskyldualdri eða innan 15 ára aldurs, hvort aldursmarkið, sem hærra er;
    - (ii) eftir nánari reglum barn innan tiltekins aldurs, sem er hærri en tiltekið er í lið (i) í þessum staflið, og er iðnnemi eða við annað nám, eða er haldið langvinnnum sjúkdómi eða veikleika, sem gerir það ófært um að stunda arðbæra atvinnu;
  - g. merkir orðið „réttindavinnslutími“ iðgjaldagreiðslutíma, starfstíma, búsetutíma eða þetta allt sameiginlega, eftir því, sem tiltekið kann að vera;
  - h. merkir orðið „sjúkdómur“ sjúklegt ástand, hver sem orsök þess er;
  - i. tekur orðið „sjúkrabætur“ einnig til greiðslna, sem henni eru tengdar.
2. Aðildarríkin ættu að víkka gildissvið laga um sjúkrabætur, sem um ræðir í 8. grein Samþykktarinnar frá 1969 um læknishjálp og sjúkrabætur í áföngum, ef þurfa þykir, og eftir því sem við getur átt, þannig að þau taki til
- a. fólks, sem stundar lausavinnu;
  - b. skyldfólks atvinnurekanda, sem hjá honum býr, að því er tekur til vinnu þess fyrir hann;
  - c. alls fólks, sem vinnur arðbær störf;
  - d. eiginkvænna og barna þeirra manna, sem nefndir eru í stafliðum a. og b. í þessari grein; og
  - e. allra íbúa landsins.
3. Læknishjálp sú, sem um ræðir í 8. grein Samþykktarinnar frá 1969 um læknishjálp og sjúkrabætur, ætti að fela það í sér
- a. að láttin séu í té læknisleg hjálpartæki svo sem glæraugu; og
  - b. aðstaða til hvíldar og hressingar.
4. Réttur sá til læknishjálpar, sem um ræðir í 8. grein Samþykktarinnar frá 1969 um læknishjálp og sjúkrabætur, ætti ekki að vera háður réttindavinnslutíma.
5. Nú hættir sá, er aðstoðar nýtur, að tilheyra þeirri stétt manna, sem tryggð er, og skal þá veita læknishjálp þá, sem um ræðir í 8. grein Samþykktarinnar frá 1969 um læknishjálp og sjúkrabætur, meðan það bótaskylda ástand varir, sem hófst meðan hann taldist til tryggðrar stéttar.
6. Aðstoð samkvæmt II. og III. kafla Samþykktarinnar frá 1969, um læknishjálp og sjúkrabætur, ætti með tilteknum skilyrðum að halda áfram að veita tryggðum manni, sem dvelur um stundarsakir utan hlutaðeigandi aðildarríkis.
7. Eigi skal þess krafizt að sá, sem aðstoðar nýtur eða fyrirvinna hans, taki þátt í kostnaði við læknishjálp þá, sem um ræðir í 8. grein Samþykktarinnar frá 1969 um læknishjálp og sjúkrabætur,

- a. ef efnahagur hans er ekki yfir tilteknu marki;
  - b. ef um er að ræða sjúkdóma, sem krefjast langvinnrar meðferðar.
8. Manni, sem tryggðar eru sjúkrabætur, skulu greiddar bætur í peningum þegar hann verður fyrir vinnutapi og tekjumissi vegna þess
    - a. að vera undir læknishendi vegna lækningar eða varnar gegn sjúkdómi;
    - b. að hann er einangraður í sóttkví;
    - c. að hann er undir læknishendi vegna endurhæfingar, eða
    - d. að hann er í orlofi til hressingar.
  9. Nú er tryggður maður haldinn sjúkdómi, sem ekki gerir hann alls ófæran til að stunda venjulega vinnu sína, og skal þá veita honum hæfileg tækifæri til þess að leita nauðsynlegrar læknishjálp á venjulegum vinnutíma.
  10. Gera ætti viðeigandi ráðstafanir til hjálpar tryggðum manni, sem er í arðbæru starfi og verður að annast sjúkan mann, sem er á hans framfæri.
  11. Aðildarríkin ættu að víkka gildissvið laga um sjúkrabætur, sem um ræðir í 18. grein Samþykktarinnar frá 1969 um læknishjálp og sjúkrabætur, í áföngum ef þurfa þykir og eftir því sem við getur átt, þannig að þau taki til
    - a. fólks, sem stundar lausavinnu;
    - b. skyldfólks atvinnurekanda, sem hjá honum býr, að því er tekur til vinnu þess fyrir hann;
    - c. alls fólks, sem vinnur arðbær störf.
  12. Hundraðshluti sá, sem tiltekinn er í 22. gr. 1. mgr. og 23. gr. 1. mgr. Samþykktarinnar frá 1969 um læknishjálp og sjúkrabætur, ætti að hækka um a. m. k. 6% stig.
  13. Fébætur vegna vanhæfis til vinnu, sem er afleiðing sjúkdóms og hefur í för með sér tekjumissi, ætti að greiða meðan hið tryggingarskylda ástand varir.



